

Félagsráðgjöf

Júní 2008

**Mamma, ég er súkkulaðiís
og þú ert vanilluís**
Aðlögun ættleiddra barna á leikskóla og
hlutverk tengslamyndunar við kjörforeldra

**Höfundur:
Sigurlaug H. Traustadóttir**

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen

Sigurlaug H. Traustadóttir
Kt. 260282-4689

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Útdráttur

Í þessari ritgerð fjalla ég um ættleiðingu barna hingað til lands. Hvaða skilyrðum skal fullnægt við ættleiðingu, reglugerðir sem gilda, hlutverk leikskólanna sem taka við þessum einstaklingum á þeirra fyrstu æviárum. Ég ræddi við foreldra nokkurra ættleidda barna um þeirra sameiginlegu reynslu, sigra og vonbrigði og verður hér fjallað um helstu niðurstöður þessara eigindlegu viðtala. Voru foreldrarnir sammála um að þörf væri á að auka skilning á sérþörfum ættleiddra barna og ýmislegt mætti lagfæra í sjálfu ættleiðingarferlinu. Tengslamyndun hefur áhrif á ýmislegt í lífi barna og einnig síðar á ævinni, því vildi ég kanna hvort og með hvaða hætti mætti finna orsakasamband milli tengslamyndunar við foreldra og þess hvernig barnið aðlagast leikskólanum. Í ljós komu vísbendingar um að slíkt samband gæti verið til staðar, auk þess sem þörf á sveigjanleika, varðandi aðlögunartíma, kom skýrt fram. Einnig er fjallað um hlutverk félagsráðgjafa í ættleiðingarferlinu og hvernig hann getur veitt foreldrunum stuðning eftir að ættleiðingarferlinu er lokið og barnið komið heim.

Efnisyfirlit:

1	Inngangur	4
2	Ættleiðingarferlið	5
2.1	Upphaf ættleiðinga erlendis frá.....	5
2.2	Lög og reglugerðir	6
2.3	Ákvörðunin og ferlið.....	7
2.4	Hlutverk félagsráðgjafa	10
2.5	Aðlögun barnanna í samfélagið og fjölskyldu	11
3	Leikskólinn	14
3.1	Lög um leikskóla	14
3.2	Aðlögun í leikskóla.....	15
3.3	Sérstæða ættleiddra barna í leikskóla	16
4	Tengslamyndun	18
4.1	Geðtengslakenning Bowlby	18
4.2	Mikilvægi góðra geðtengsla	21
4.3	Einkenni geðtengsla hjá ættleiddum	23
5	Eigindleg rannsókn.....	26
5.1	Framkvæmd rannsóknar.....	26
5.2	Aðferðafræði	27
5.3	Niðurstöður viðtala	27
6	Ráðleggingar til foreldra og leikskóla.....	31
6.1	Ráðleggingar foreldra til verðandi kjörforeldra	31
6.2	Almennar ráðleggingar varðandi tengslamyndun og stuðning.....	33
6.3	Almennar ráðleggingar varðandi leikskólagöngu barnsins	34
7	Umræða og lokaorð	35
8	Heimildaskrá	40

1 Inngangur

Ættleiðing barna er ein stærsta ákvörðun sem þar eða einstaklingur getur tekið. Að ættleiða barn er atburður sem hefur ekki eingöngu miklar breytingar í för með sér fyrir fjölskylduna, heldur einnig fyrir barnið. Barn sem ættleitt er hefur þar með fengið nýtt tækifæri á góðu lífi og ættu því möguleikar þess til bættra lífsgæða að hafa aukist verulega og tekið stórfenglegum breytingum. Sannarlega er ekki alltaf svo en líkur eru þó á því að barn sem ættleitt er til umhyggjusamra foreldra eigi meiri möguleika á góðu lífi en ef það hefði alist upp á barnaheimili eða annarri stofnun. Hér á eftir mun verða fjallað um það ferli sem ættleiðing barna hefur í för með sér og mun áherslan verða lögð á ættleiðingar erlendis frá sem er tiltölulega nýtt fyrirbæri hér á landi. Ættleiðingar erlendis frá eru að auki sérstakar að því leytinu til að börnin eru oft af öðrum kynstofni og koma úr öðrum menningarheim en kjörforeldrarnir, því geta skapast ýmis vandræði sem ekki er um að ræða þegar um ættleiðingar innanlands er að ræða.

Þegar barn byrjar á leikskóla breytist margt í veruleika þess. Þau sem hafa verið heima hjá foreldrum þar til þau fara á leikskóla, finna fyrir mestum breytingum þar sem leikskólaumhverfið og allar aðstæður tengdar því, eru yfirleitt með allt öðru sniði en samvera við foreldrana hefur verið. Börnin þurfa að læra nýja hluti, að umgangast önnur börn og treysta á aðra fullorðna. Þetta getur skapað ýmsa erfiðleika og verður hér reynt að varpa ljósi á hvort um aukna erfiðleika sé að ræða hjá ættleiddum börnum. Það er ekki aðeins barnið sem finnur fyrir miklum breytingum við þetta stóra skref, heldur þurfa foreldrarnir, nú í fyrsta skipti, að sleppa hendinni af barni sínu og treysta á aðra til að annast það. Þetta getur verið sérstaklega erfitt fyrir foreldra ættleiddra barna því þeir vita að barnið hefur þegar upplifað aðskilnað og stofnanavist á sinni stuttu ævi og því getur verið erfitt fyrir þá að skilja við barnið í lengri tíma.

Tilgangur þessa verkefnis er, eins og undirtitill þess bendir til, að varpa ljósi á hvort aðlögun ættleiddra barna í leikskóla gangi eitthvað öðruvísi fyrir sig en aðlögun annarra barna og í þeim tilgangi verður leitast við að finna svör við eftirfarandi rannsóknarspurningum, með viðtölum við foreldra: Hvernig gengur aðlögun ættleiddra barna í leikskóla? Hefur tengslamyndun við kjörforeldra mikið um það að segja? Og hvernig er hægt að bæta velgengni þessara barna? Í ritgerðinni verður einnig fjallað um hversu mikilvæg tengslamyndun er fyrir þroska barna og hvort einhver munur sé á ættleiddum börnum og öðrum börnum, í leikskólanum eða

almennt séð. Að lokum verður farið í hvaða atriði kjörforeldrar og leikskólar sem annast ættleidd börn, þurfa að hafa í huga í umönnun þessara barna til að styrkja tengslamyndun og til að börnunum vegni sem best síðar í lífinu.

Fjallað verður um ættleiðingarlögin og það hvernig ættleiðingarferlið gengur fyrir sig hér á landi. Hlutverk félagsráðgjafans í ættleiðingarmálum verður skoðað, auk þess sem stuttlega verður fjallað um með hvaða hætti hann getur aðstoðað ef upp koma erfiðleikar. Einnig verður athugað hvaða hlutverki leikskólar gegna, hvernig aðlögun í þá gengur fyrir sig og hver sé sérstaða ættleiddra barna í þeim, auk þess sem nokkuð ítarlega verður farið í mikilvægi tengslamyndunar við foreldra og hvernig ættleidd börn standa í þeim málum. Að lokum verður athugað hvort ástæða sé til að reyna að breyta einhverju varðandi ættleiðingarferlið, til hagsbóta fyrir börnin, því það er vissulega samfélaginu öllu til góðs að börnunum líði sem best.

2 Ættleiðingarferlið

2.1 Upphaf ættleiðinga erlendis frá

Samkvæmt Hagstofunni hafa verið á bilinu 20 – 41 ættleiðing erlendis frá, árlega, á árunum 2001-2005 (Hagstofa Íslands, e.d.). Því er ljóst að um nokkurn fjölda barna er að ræða og er mikilvægt að huga að þörfum þeirra með sem bestum hætti. Aðeins löggild ættleiðingarfélög mega, samkvæmt lögum, hafa milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Íslensk ættleiðing hefur starfað síðan árið 1978 og sér félagið um milligöngu um ættleiðingar, fræðslu- og félagsstarf fyrir félagsmenn auk þess sem félagið miðlar upplýsingum um starfsemina og ferlið til þeirra sem áhuga hafa á (Íslensk ættleiðing, e.d.b; Lög um ættleiðingar nr. 130/1999).

Margar mismunandi ástæður geta verið fyrir því að kynmóðir ákveður að gefa barn sitt frá sér. Það gæti verið vegna þess að hún er ung og/eða einstæð og gæti átt erfitt vegna fjárhags-, heilsufars- eða menningarástæðna. Í sumum löndum er litið svo á að ef kona er einstæð, þá sé það mikil skömm fyrir fjölskylduna ef hún elur barn og því gæti það orðið til þess að hún ákveður að gefa barn sitt frá sér. Einnig gæti ástæðan verið að þegar eru mörg börn fyrir í fjölskyldunni og erfitt væri að sjá fyrir þeim öllum. Ýmsar fleiri ástæður gætu verið fyrir ákvörðuninni og getur verið erfitt að spá fyrir um hvað á við í hverju tilfelli fyrir sig (Elias, 2005).

Mörg þeirra landa sem börn eru ættleidd frá, reyna ýmis konar úrræði innanlands fyrst, eins og að koma barninu til innlendrar fósturfjölskyldu eða að finna líffræðilega ættingja sem eru tilbúnir að annast það. En vegna slæmra aðstæðna í landinu hafa ættleiðingar til annarra landa þótt ákjósanlegri kostur. Fjölskyldur alls staðar að úr heiminum hafa boðist til að útvega stöðugt heimili og umhverfi fyrir þau börn sem hafa búið á stofnunum. Algenzt er að á barnaheimilum séu langtum fleiri börn en umönnunaraðilar og að hver umönnunaraðili hafi jafnvel um 50 börn í umsjá sinni. Af þessum orsökum hafa kjörforeldrar oft valið að ættleiða frá vesturlöndum þar sem hvert barn fær meiri athygli og umönnun því það hefur áhrif á þroska barnsins (Federici, e.d.).

Líffræðilegir foreldrar fá nokkurt svigrúm til umhugsunar hvort þeir vilji raunverulega gefa barnið frá sér. Af þessum orsökum er sjaldan, nú á dögum, hægt að ættleiða mjög ungt barn. Í þessu millibilsástandi er barninu komið fyrir ýmist hjá fósturfjölskyldu, á barnaheimilum eða öðrum stofnunum. Fósturfjölskylda er talið besta úrræðið af þessum, þar sem barnið fær mesta umönnun og athygli þar. Á stofnunum er meiri hætta á að barnið sé vanrækt og það fær ekki næga athygli til að mynda tengsl og þroskast nægilega vel. Því eru fósturfjölskyldur mjög mikilvægur þáttur í ættleiðingarferlinu til að börnin fái sem besta umönnun áður en þau fara til kjörfjölskyldunnar (Mehta, 1992). Flest landanna, sem Ísland er í samstarfi við um ættleiðingar, eru með barnaheimili sem börnin dvelja á þar til að ættleiðingu kemur. Í Kína eru fósturfjölskyldur fyrir sum börn sem til stendur að ættleiða en langflest barnanna sem ættleidd eru, búa á barnaheimilum fyrir ættleiðinguna (Guðrún Sveinsdóttir munnleg heimild, 25. mars 2008). Mörg þeirra barna, sem ættleidd eru hingað til lands, hafa verið yfirgefin, mjög fljótlega eftir fæðingu og því er ekkert vitað um uppruna þeirra. Oftast eru börnin skilin eftir á fjölförnum stað og þykir það benda til að kynforeldri vilji að þau finnist fljótt og að einhver muni annast þau. Sumir kynforeldrar hafa þó komið sjálfir með barnið á barnaheimilið og óskað eftir því að það verði ættleitt til annarrar fjölskyldu (Guðrún Sveinsdóttir munnleg heimild, 23. apríl 2008).

2.2 Lög og reglugerðir

Þegar kemur að ættleiðingu, þá eru nokkur ákvæði sem þarf að uppfylla áður en hægt er að veita leyfi til ættleiðingar. Við ættleiðingu er reynt að koma því við að barn sem

á að ættleiða, fái við það bæði föður og móður og er því oft erfðara fyrir einstaklinga sem ekki eru í sambandi að ættleiða. Þau ákvæði laga sem farið er eftir, þegar farið er yfir umsóknir, er að hjón séu búin að vera í skráðri sambúð í minnst þrjú ár, en fólk sem er í óvígðri sambúð sé búin að vera í skráðri sambúð í minnst fimm ár og þarf að skila inn sameiginlegu skattframtali síðustu tveggja ára. Það er leitast við að einstaklingar sem ættleiða séu komin yfir 25 ára aldur en séu ekki eldri en 45 ára þegar sótt er um frumættleiðingu. Hins vegar hafa verið gerðar undantekningar á þessum aldurstakmörkunum, undir sérstökum kringumstæðum. Þeir sem huga að ættleiðingu verða einnig að vera andlega og líkamlega hraustir, vera með hreina sakaskrá, geta framfleytt fjölskyldu sinni og skulu hafa yfir að ráða húsnaði og öðrum aðbúnaði til þess að geta veitt barni góð og þroskandi uppeldisskilyrði (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999; Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005).

Þegar barn er ættleitt, yngra en átta ára, er réttur til fæðingarorlofs sá sami og þegar foreldrar eignast barn með öðrum hætti. Foreldrar eiga, hvort um sig, rétt til fæðingarorlofs í þrjú mánuði auk þess sem þau eiga svo sameiginlegan rétt á þremur mánuðum sem þeim er heimilt að skipta á milli sín að vild. Þetta gerir því samtals níu mánuði. Þegar barn fæðist er miðað við að réttur til fæðingarorlofs falli niður þegar barn nær 18 mánaða aldri, en þegar um ættleiðingu er að ræða er miðað við 18 mánuðum eftir að barnið kemur inn á heimilið (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000).

2.3 Ákvörðunin og ferlið

Þegar fólk veltir fyrir sér þeim möguleika að ættleiða barn getur verið gott að hafa í huga að foreldrahlutverkið verður hvorki til við æxlun né við líffræðilega fæðingu heldur er það þegar fólk annast, þroskar og elur upp barn. Algengustu ástæður þess að fólk ákveður að ættleiða barn eru ófrjósemi, meðgönguerfiðleikar, löngun til að veita munaðarlausu barni heimili og möguleg hætta á erfðagöllum í líffræðilegu barni (Mehta, 1992). Að verða foreldri við æxlun annars vegar og við ættleiðingu hins vegar, er hvort um sig einstök upplifun. Munurinn felst meðal annars í því að þegar fólk ákveður að ættleiða þá þarf samþykki fyrir því að þau muni verða hentugir foreldrar, bæði frá íslenskum yfirvöldum og yfirvalda þess lands sem barnið er frá. Þeir sem verða foreldrar með æxlun þurfa ekkert slíkt samþykki. Ættleiðing barns tekur á gagnkvæmum þörfum; þörf barnsins fyrir að fá varanlega umönnun hjá ástríkrri

fjölskyldu og þörf foreldranna til að hafa barn til að ala upp sem sitt eigið (Mehta, 1992). Mörgum kjörforeldrum finnst þeir vera undir smásjá annars fólks, því oftast er það auglýsinglegt að þeir eru kjörforeldrar. Þeir finna því oft fyrir þrýstingi um að standa sig sérstaklega vel í foreldrahlutverkinu (Höjer og Höjer, 2005).

Hjá flest öllum, sem yfirleitt vilja eignast barn, er það oftast fyrsta val að eignast eigið barn með æxlun. Því miður eru ekki öll pör sem geta eignast barn saman og þurfa því að leita annarra leiða til þess að verða foreldrar. Sem betur fer er ættleiðing raunhæfur kostur í samfélagi okkar og leið sem margir barnlausir kjósa að fara. Sá möguleiki að ættleiða barn er stór ákvörðun sem einstaklingarnir verða að vera tilbúnir að taka og þar með sætta sig við eigin ófrjósemi. Sumir þurfa langan tíma til að hugleiða þennan möguleika á meðan aðrir taka ákvörðunina á skemmri tíma. Skortur á upplýsingum er oft sú ástæða sem orsakar það að fólk er ekki tilbúið að ættleiða barn, auk þess sem hræðslan við hið ókunnuga getur haft töluverð áhrif. Það gæti til dæmis verið ótti við erfðapætti í barninu, heilbrigði þess, ótti að barnið verði fyrir kynþáttafordómum auk ýmissa annarra þátta. Mikilvægt er þó að hafa í huga, að hvort sem barnið er líffræðilega manns eigið eða ekki, þá er það engin trygging fyrir því hvers konar persónueiginleika barnið muni bera (Ættleiðing.is, e.d.a).

Þar sem ekki getur eignast barn geta gengið í gegnum nokkur stig áður en það er fært um að taka ákvörðun um að ættleiða barn. Það fyrsta er afneitun, svo reiði, sorg, sátt og að lokum von. Afneitun felur í sér að einstaklingarnir neita að trúá því að þeir geti ekki eignast barn og trúá því enn að það muni gerast hjá þeim. Reiði kemur svo fram því fólk skilur ekki hvers vegna það er að verða fyrir þessu og stundum vill það gerast að það fer að kenna hvort öðru um og getur orsakað sambandsslit eða mikla erfíðleika. Sorgin fylgir á eftir þar sem fólk syrgir ósk sína og von um að eignast barn. Þegar einstaklingarnir eru tilbúnir að sætta sig við það að geta ekki eignast líffræðilegt barn, fara þeir gjarnan að skoða möguleika sína. Ætla þeir að vera barnlausir eða ætla þeir að skoða fleiri möguleika eins og til dæmis ættleiðingu. Vonin kemur svo fram þegar ákvörðunin hefur verið tekin og þeir sjá fram á að geta orðið foreldrar. Mikilvægt er að allir sem kjósa að ættleiða hafi losað sig við þær neikvæðu tilfinningar sem fylgja barnleysi því annars er hætta á því að ættleidda barnið muni vera stöðug áminning eigin vangetu til að eignast barn (Mehta, 1992). Þegar ákvörðun um að ættleiða barn hefur verið tekin, finna verðandi foreldrar oft fyrir miklum létti því þá er hægt að tala um „þegar“ við eignumst barn en ekki „ef“ við eignumst barn.

Það öryggi sem fylgir vissunni um að barnið sé væntanlegt (Ættleiðing.is, e.d.a). Vegna alls þess sem væntanlegir foreldrar hafa þurft að ganga í gegnum á leið sinni í að eignast barn, er ættleidda barnið orðið mjög langþráð þegar loksins kemur að því að draumurinn um barn verður að veruleika (Elias, 2005). Kjörforeldrar þurfa að undirbúa sig vel tilfinningalega fyrir komandi aðstæður. Þeir finna að öllum líkindum fyrir mikilli gleði og tilhlökkun en þær tilfinningar blandast oft ótta við hið ókunnuga. Með tímanum hjaðna þessar tilfinningar og foreldrunum fer að líða vel í sínum nýju hlutverkum. Að halda uppi aga við barnið getur verið erfitt fyrir alla foreldra. Tilhneiging kjörforeldra hefur þó verið sú, að á ómeðvitaðan hátt eiga sumir það til að ofvernda og vera eftirlátssamir við börnin. Talið er að þeir eigi þetta til vegna þess að þeir séu að reyna að bæta barninu það upp að vera ekki þeirra líffræðilega barn. Mikilvægt er þó fyrir kjörforeldra að muna að vera stöðugir og samkvæmir sjálfum sér auk þess að tjá væntumþykju og áhuga á velferð barnsins (Mehta, 1992; Melina, 1998).

Ferlið við það að ættleiða barn getur verið mjög langt. Fyrst þurfa væntanlegir kjörforeldrar að uppfylla skilyrði sem bæði hafa verið sett í lög, hér á landi og erlendis. Ferlinu má í raun skipta í tvennt, fyrst þurfa umsækjendur að fá forsamþykki hjá íslenskum yfirvöldum og þegar það hefur verið fengið, fer umsóknin til erlendra yfirvalda þar sem enn frekar er farið yfir umsóknina. Í stuttu máli fer ferlið hér á landi fram þannig að umsækjendur leggja inn umsókn til Íslenskrar ættleiðingar sem síðan sendir hana áfram til Dómsmálaráðuneytisins. Eftir að Dómsmálaráðuneytið hefur fjallað um umsóknina er hún send áfram til barnaverndarnefndar í heimabyggð umsækjendanna þar sem á að kanna hagi þeirra. Sú könnun fer fram með þeim hætti að starfsmaður barnaverndarnefndar, oftast félagsráðgjafi, hittir umsækjendurna í nokkur skipti og ræðir við þá um ýmis mál tengd ósk þeirra til að verða kjörforeldrar og aðstæður þeirra. Að því loknu skrifar félagsráðgjafinn skýrslu sem er síðan lögð fyrir barnaverndarnefnd sem ákveður hvort mæla skuli með umsækjendunum til að verða kjörforeldrar. Barnaverndarnefnd skal rökstyðja ákvörðun sína vel og skal ákvörðunin vera byggð á því hvað barni er fyrir bestu. Dómsmálaráðuneytið fær síðan niðurstöðurnar og þar er tekin lokaákvörðun um hvort umsækjendur fái forsamþykki. Ef allt hefur gengið snurðulaust fyrir sig eru svo þessar upplýsingar sendar til þess lands sem ættleiða á barn frá. Mismunandi er eftir löndum hvernig skal gengið frá vottorðum og skjölum en allt verður að vera mjög nákvæmlega rétt gert. Eftir að unnið

hefur verið með umsóknina í því landi sem sótt var um, kemur að því að umsækjendurnir fá upplýsingar um það barn sem þeim er ætlað. Væntanlegir kjörforeldrar lýsa því þá formlega yfir að þeir óski eftir að ætleiða viðkomandi barn og þá fer kerfið í upprunalandi barnsins í að ljúka við frágang málsins. Þá kemur að því að heimild er gefin út fyrir því að leyfilegt sé fyrir kjörforeldrana að sækja barnið og þeir leggja svo í ferðina út til þess. Þegar heim er komið er síðan sótt um endanlega ætleiðingu barnsins til Dómsmálaráðuneytisins (Íslensk ætleiðing, e.d.a; Reglugerð um ætleiðingar nr. 238/2005).

2.4 Hlutverk félagsráðgjafa

Samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa er markmið félagsráðgjafa „að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti“ (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d. Tilgangur). Félagsráðgjöf byggir á þrenns konar forsendum: Í fyrsta lagi að einstaklingurinn sé mikilvægur, í öðru lagi að einstaklingurinn glími við persónuleg, fjölskyldu- og/eða samfélagsleg vandamál og í þriðja lagi að hægt sé að takast á við þessi vandamál til að bæta líf einstaklingsins. Félagsráðgjöf felur í sér að hafa skilning á vandamálum fólks og hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Í mörgum löndum er það þannig að félagsráðgjafi í ætleiðingarmálum sér um að samruni ætleidda barnsins og fjölskyldunnar gangi hnökralaust fyrir sig. Honum ber að sjá til þess að löglegt sé að ætleiða barnið, svo að það komi ekki upp vandamál því tengt síðar meir. Auk þess sem hann skal sjá til þess að kjörforeldrarnir séu hæfir til þess að sinna foreldrahlutverkinu með sem bestum hætti. Í ætleiðingarferlinu hefur reynslan verið sú að félagsráðgjafinn er ómissandi varðandi ráðgjöf og leiðbeiningar til væntanlegra foreldra, útskýringar á löggjöf, að finna hvaða barn hentar hvaða fjölskyldu og veita ýmis konar aðstoð eftir ætleiðinguna. Þegar samruni barns inn í fjölskylduna hefur ekki gengið sem best þurfa kjörforeldrar gjarnan viðtalsmeðferð og ráðgjöf eftir ferlið og er félagsráðgjafinn hentugur aðili í það hlutverk. Auk þess sem hann getur sinnt ráðgjöf varðandi ýmsa þætti í gegnum ferlið í heild sinni. Margar spurningar geta vaknað í tengslum við ætleidda barnið og uppeldið og því er mikilvægt að hafa færna aðila í þeirri ráðgjöf. Stundum kemur það einnig fyrir að kjörbörnin sjálf þurfa, síðar á ævinni, á einhvers konar ráðgjöf að halda varðandi ætleiðingu sína. Það geta komið upp vandamál sem þau þurfa að kljást við og

félagsráðgjafi sem hefur þekkingu á ættleiðingarmálum getur aðstoðað mikið í þeim tilfellum. Félagráðgjafi getur einnig gegnt veigamiklu hlutverki í því að leiðbeina kjörforeldrum um hvernig á að segja barninu frá því að það er ættleitt. Mikilvægt er fyrir barnið að fá þessar upplýsingar beint frá foreldrunum og fremur snemma á ævinni til að það upplifi ekki að logið hafi verið að því (Mehta, 1992). Hér á landi hefur það ekki tíðkast að félagráðgjafi sjái um þessi hlutverk en það hefur sýnt sig erlendis, þar sem félagráðgjafi sér að mestu um starf af þessu tagi, að með sinni menntun og reynslu eru félagráðgjafar tilvaldir til að sinna þessu hlutverki. Vissulega er ekki ætlunin að gera lítið úr hæfni annars konar starfsfólk því mjög gott er að hafa fólk með mikla reynslu á þessu sviði í störfum sem þessum en það er ekki þar með sagt að félagráðgjafinn megi missa sín. Eins og áður hefur komið fram, hafa félagráðgjafar hérlendis yfirleitt séð um að ræða við foreldra snemma í ættleiðingarferlinu um óskir þeirra, væntingar og aðstæður og síðan gera þeir greinargerð um foreldrana, sem barnaverndarnefnd í sveitarfélagi umsækjenda sér síðan um að fara yfir og meta (Íslensk ættleiðing, e.d.a).

Þegar börn og fjölskyldur eiga í persónulegum, fjölskyldulegum, félagslegum og/eða samfélagslegum vanda, getur félagsþjónusta sveitarfélagsins, þar sem yfirleitt starfa félagráðgjafar, komið þeim til aðstoðar. Félagþjónustunni er skylt að veita upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi ýmis mál sem við koma fjölskyldum. Þetta skal gert, eftir þörfum í samvinnu við skóla og heilsugæslu eftir því sem við á (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Ættleiddir einstaklingar og fjölskyldur þeirra geta lent í ýmsum erfiðleikum rétt eins og aðrir og því eru það ýmis svið sem huga þarf að þegar velt er upp þeirri spurningu hvaða aðstoð þau gætu mögulega þurft á að halda. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli þess starfsfólks sem starfar með börnum og félagráðgjafa, sem veitt getur ýmsa ráðgjöf varðandi hvernig taka skuli á vandanum og til að hægt sé að taka á honum eins fljótt og auðið er til að hann vaxi ekki og verði nánast óyfirstíganlegur síðar meir.

2.5 Aðlögun barnanna í samfélagið og fjölskyldu

Sum ættleidd börn geta átt erfitt með aðskilnaði þar sem þau hafa, á stuttri ævi sinni, þegar gengið í gegnum nokkra slíka. Það skiptir í raun ekki máli hversu ungt barnið

var þegar það var ættleitt, aðskilnaðarerfiðleikar geta alltaf átt sér stað (Höjer og Höjer, 2005).

Ýmsir áhættuþættir geta fylgt því að ætleiða barn sem að hluta til hefur alist upp á erlendri stofnun. Til að mynda geta þættir eins og léleg heilbrigðisþjónusta við kynmóður, léleg næring hennar á meðgöngu, erfðaþættir og tengslaleysi barnanna haft ýmislegt að segja um hvernig þeim farnast hjá kjörforeldrum. Þessir áhættuþættir eru ekki alltaf þekktir, skildir eða útskýrðir nógu vel fyrir kjörfjölskyldunni. Flest þeirra barna sem ætleidid eru erlendis frá, hafa ekki fengið mikla heilbrigðisþjónustu og því er ekki mikið vitað um líkamlegt eða sálrænt ástand þeirra, eða hvernig þroskinn hefur gengið fyrir sig. Sum þessara atriða koma svo ekki í ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum. Til að mynda má nefna vannæringu sem oft á tíðum hefur áhrif á hegðunar- og námsörðugleika. Ástand líffræðilegu móðurinnar er ekki alltaf þekkt og er ýmislegt sem gæti komið í ljós í sambandi við það síðar á ævinni. Auk þess getur áhrif vistunar á stofnun haft mikil áhrif á barnið, m.a. á tengslamyndun og öryggisþilfinningu. Börn sem hafa verið fyrstu mánuðum/árum ævi sinnar á stofnun hafa sennilega ekki fengið eins mikla örvun, snertingu og önnur börn, því er mikilvægt að hafa það í huga í uppeldi ætleididra barna, að huga þarf sérstaklega að þessum atriðum til að þau nái að þroskast samhliða öðrum börnum. Kjörforeldrar verða einnig að hafa í huga að sum börn eiga það til að vilja ekkert með snertingu þeirra hafa, þau eru óvön henni og finnst hún óþægileg. Í þeim tilfellum þurfa kjörforeldrar að vera viðbúnir því að gefa barninu rými og ekki þröngva mikilli snertingu á það. Mikilvægt er að barninu líði vel í nálægð kjörforeldrana og aukin snerting getur verið velkomin með tímanum (Federici, e.d.).

Það er mikil breyting fyrir barn að vera ættleitt til annarrar fjölskyldu í öðru landi en það sjálf er frá. Mesta breytingin, fyrir börnin, er yfirleitt í þeim tilfellum þar sem börnin hafa verið á barnaheimili þar sem margir fullorðnir hafa annast það. Breytingin sem verður þegar barn flyst svo til kjörforeldra sinna, getur í sjálfu sér, þrátt fyrir að vera breyting til hins betra, verið erfið upplifun fyrir barnið og getur það þurft nokkurn tíma til að vinna úr þessari breytingu. Barnið þarf að aðlagast nýju fólki og gjörólíkum aðstæðum auk þess að læra nýtt tungumál. Menning, útlit fólks, loftslag og matarræði hefur breyst til muna og getur það verið erfitt fyrir lítið barn að átta sig á því hvað sé að gerast og hvers vegna. Það er því mikilvægt fyrir alla sem koma nálægt

umönnun ættleiddra barna að vera vel meðvitaðir um það sem barnið hefur gengið í gegnum á sinni annars stuttu ævi (Ættleiðing.is, e.d.d).

Kjörforeldrum er ráðlagt að segja barninu frá ættleiðingunni snemma á ævi þess, eða í kringum þriggja ára aldurinn. Barnið verður þó að hafa tilfinningalegan þroska til að skilja um hvað málið snýst en má þó ekki vera orðið mikið eldra en þriggja ára því þessar upplýsingar gætu þá haft mikil áhrif á sjálfsmynd þess. Mikilvægt er að foreldrarnir séu tilbúnir að ræða þessi atriði og svara spurningum barnsins því annars verður samtalið þvingað og óþægilegt. Þegar barnið er farið að skilja hvernig börnin verða til, er hægt að útskýra fyrir því að það fæddist ekki inn í fjölskylduna heldur var valið til að koma inn í hana. Foreldrarnir eru hvattir til að vera opnir fyrir spurningum og forvitni barnsins og reyna að gefa því skýr svör sem það skilur. Það sem sagt er við barnið skiptir ekki eins miklu máli eins og sú tilfinning sem frásögnin lýsir, ef barnið skynjar að foreldrarnir eru stressaðir og vandræðalegir varðandi málefnið er líklegt að það vilji ekki ræða málið jafn mikið og annars. Mikilvægt er fyrir barnið að áhersla sé lögð á að útskýra að það tilheyrir fjölskyldunni vegna ástar og væntumþykju en ekki vegna þess að líffræðileg fjölskylda þess hafnaði því. Sumir foreldrar kvíða því að segja barni sínu frá ættleiðingunni og velta fyrir sér hvort það sé raunverulega nauðsynlegt. En fyrir bæði foreldra og barn hefur ættleiðingin mjög djúpt tilfinningalegt gildi og því er mikilvægt að hafa í huga, að það að segja barninu frá ættleiðingunni er því fyrir bestu og ætti ekki að vera neitt feimnismál (Mehta, 1992). Börn sem ættleidd eru hingað til lands eru yfirleitt af öðrum kynstofni en foreldrar þeirra, því ætti að vera augljóst frá byrjun að foreldrarnir eru ekki kynforeldrar barnsins sem gerir samræður um ættleiðinguna oft auðveldari.

Börn, sem ættleidd eru frá öðrum löndum og sem hafa búið á stofnun fyrstu mánuði eða ár ævi sinnar, eru oft með slakan málþroska. Ekki bara vegna þess að allt í einu eru þau komin inn í annað land, þar sem talað er annað tungumál en þau eru vön, heldur einnig vegna þess að þau hafa yfir höfuð ekki alist upp við mikla málnotkun. Þau kunna gjarnan ekki grunnhugtök sem önnur börn á svipuðum aldri þekkja vel. Einnig hafa þau ekki sömu hreyfifærni og önnur börn einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki fengið eins mikla þjálfun í henni. Þau hafa ekki teiknað eða leikið með smáhluti sem okkur finnst sjálfsagt í okkar samfélagi. Þau hafa lítið leikið sér með leikföng og þau þurfa að fá tíma til að læra það og byrja á leikföngum sem ætluð eru

yngri börnum (Ættleiðing.is, e.d.d). Því má sjá að, að mörgu þarf að huga til að þroski ættleiddra barna fái tækifæri til að ná þroska annarra barna.

3 Leikskólinn

Samkvæmt hagstofunni voru, í desember 2006, 81% allra 1-5 ára barna skráð í leikskóla og er hlutfallið hærra eftir því sem aldur barnanna hækkar. Þannig er þriðjungur eins árs barna í leikskóla, 91% tveggja ára barna og er hlutfallið komið upp í 96% þriggja og fjögurra ára barna (Hagstofa Íslands, 2007). Af þessum tölum má því sjá að mjög hátt hlutfall barna eyðir stórum hluta af deginum á leikskóla. Því er mikilvægt að starfsemi leikskólans sé með þeim hætti að þörfum barnanna sé mætt á sem bestan mögulegan hátt. Ættleidd börn eru hluti af þeim börnum sem ganga í leikskóla og því er mikilvægt fyrir þá sem starfa í leikskólum að vera meðvitaðir um hvort þarfir þeirra séu á einhvern hátt ólíkar þörfum annarra barna.

3.1 Lög um leikskóla

Í leikskólalögum nr. 78/1994 kemur fram að meginmarkmið uppeldis í leikskóla er að hugsa vel um börnin, þannig að þau hafi tækifæri á að vera í hollu og öruggu leikumhverfi með öðrum börnum undir leiðsögn leikskólakennara. Með samvinnu við heimilin ber leikskólanum að efla alhliða þroska þeirra og hlúa að andlegum og líkamlegum þroska svo þau fái sem best notið bernskunnar. Reyna að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni, leggja grundvöll að því að þau verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Leikskólinn skal einnig rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna til að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa vandamál. Í 15. grein laganna segir að „Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.“ Og samkvæmt 16. greininni skal foreldrum barna og starfsfólki leikskólans vera veitt ráðgjöf og þjónusta þegar þörf þykir á. Bæði 15. og 16. greinar laganna fela í sér að börn með sérþarfir og foreldrar þeirra eigi rétt á sérstakri athygli og aðstoð. Í sumum tilfellum geta aðstæður ættleiddra barna fallið undir þessi atriði og er mikilvægt fyrir þá sem tengjast barninu að vera kunnugir um þennan rétt.

Tilgangur leikskóla er að vera viðbót við það uppeldi sem börn fá á heimilum sínum og stuðla þar með að auknum þroska barnanna. Leikur er stór þáttur í leikskólalastarfi og er stór hluti í náms- og þroskaleið barnsins. Barn lærir margt í leik, sem enginn getur kennt því á annan hátt og felur leikur í sér mikið sjálfsnám þar sem bæði gaman og alvara fylgir. Í leiknum verða til nýjar tilfinningar, athafnir, leikni og þekking og fær barnið tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá útrás fyrir þær. Enn fremur læra börnin samskiptareglur, mikilvægi þess að vinna saman, að virða rétt annarra, þroska með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu og læra mikilvægi þess að taka tillit hvert til annars. Börn þurfa að fá að leika sér á eigin forsendum en leikskólakennari er mikilvægur í því að veita börnunum öryggi, vekja áhuga þeirra, svara spurningum og fræða börnin. Samskipti barna í hópi jafningja eru mikilvæg fyrir þroska barnsins. Þau fá þar tækifæri til að eiga frumkvæði og deila gleði með öðrum, þá eykst félagslegur þroski barnanna og lífsleikni þeirra (Aðalnámskrá leikskóla, 1999).

3.2 Aðlögun í leikskóla

Það er alltaf stórt skref í lífi barns þegar það byrjar í leikskóla, óháð því hvort það er ættleitt eða ekki. Barnið þarf að læra að sleppa takinu af foreldrunum og þeir á því og oft er þetta í fyrsta skiptið sem barnið er í burtu frá foreldrunum svo stóran hluta dagsins. Sá munur er á ættleiddum börnum og öðrum börnum að öll ættleidd börn hafa dvalið í mismunandi umhverfi í byrjun ævinnar. Það getur meðal annars haft þau áhrif að barnið er ekki eins tilbúið að byrja í leikskólanum eins og aðrir jafnaldrar þeirra. Það verður kannski þögult og hlédrægt eða geðstirt og vansælt. Barnið getur breyst eða gengið til baka í þroska á einhvern hátt sem foreldrarnir kannast ekki við (Höjer og Höjer, 2005).

Þegar barn byrjar í leikskóla þarf að skipuleggja hvernig aðlögunartíma þess skuli verða háttað, í samráði við foreldra. Mikilvægt er að gefa barninu góðan tíma til að aðlagast á leikskólanum og eru nánin tengsl við ákveðinn leikskólakennara mjög mikilvæg til að aðlögunin gangi sem farsælast fyrir sig. Sami einstaklingur ætti því helst að taka á móti barninu og foreldrum þess auk þess að bera ábyrgð á aðlögunarferlinu í heild. Meðan á aðlögunartímanum stendur fá foreldrar tækifæri til að kynna leikskólanum og starfsháttum hans á meðan þau dvelja með barninu tímabundið fyrstu dagana. Mikilvægt er að þau nýti þennan tíma til að kynna

starfsfólkinu og leikskólastarfinu til að þau séu öruggari um velferð barna sinna (Aðalnámskrá leikskóla, 1999).

Aðlögun í leikskólann getur farið fram með mismunandi hætti eftir leikskólum en er þó í meginatriðum mjög svipuð. Fyrsta daginn kemur barnið með foreldri sínu og skoðar sig um og staldrar við í stutta stund með foreldrið hjá sér. Daginn eftir er barnið aðeins lengur og svo lengist tíminn smám saman. Með tímanum, eftir því hversu öruggt barnið er, fer svo foreldrið í burtu í stutta stund í senn. Tíminn sem barnið er án foreldris síns í leikskólanum lengist svo smátt og smátt þar til það er komið í fulla viðveru í leikskólanum. Oftast er miðað við að aðlögunartíminn sé vika, en í sumum tilfellum er hann lengri (Berghildur E. Bernharðsdóttir, 2001).

3.3 Sérstæða ættleiddra barna í leikskóla

Leikskólakennarar hafa í námi sínu lært mjög margt er við kemur börnum og barnauppleidi en í leikskólakennaranámi Kennaraháskóla Íslands er ekki fjallað sérstaklega um ættleidd börn og þeirra aðstæður og sérþarfir (Hrönn Pálmadóttir munnleg heimild, 10. janúar 2008). Því þurfa þeir, sem starfa munu með ættleiddum börnum, að tileinka þá þekkingu sér með reynslu og með því að vera móttækileg.

Mikilvægt er, til að aðlögun ættleiddra barna í leikskóla gangi sem best, að farið sé rólega af stað og að barnið finni fyrir öryggi á leikskólanum. Aðlögunin þarf að fá að taka þann tíma sem hentar hverju barni fyrir sig og því er mikilvægt að vera ekkert að flýta sér í að skilja það eftir í lengri tíma. Stundum getur þurft að taka smávægilegt skref aftur á bak til að mögulegt sé að halda áfram síðar, barnið þarf að finna fyrir því að regla sé á því hvernig hlutirnir séu gerðir og átta sig á dagskipulaginu. Endurtekningar eru mjög góðar fyrir barnið því það skapar öryggi. Gott gæti verið að láta barn hafa mynd af hinum börnunum á leikskólanum til að skoða heima, því þá getur það undirbúið sig betur með foreldrunum (Höjer og Höjer, 2005).

Í sjálfu sér er enginn munur á því hvernig aðlögun ættleiddra barna í leikskólann fer fram og aðlögun annarra barna. Hún gæti að vísu tekið lengri tíma og enn mikilvægara er að vera skilmerkilegur við barnið. Oft tekur það lengri tíma fyrir ættleidd börn að finnast þau eiga heima í leikskólanum og vera þarf á varðbergi gagnvart þeim börnum sem gengur mjög auðveldlega að aðlagast því þá skapast hætta á að eftir tiltekinn tíma fari allt í baklás og byrja þurfi aðlögun upp á nýtt. Þrátt fyrir að margt þurfi að hafa í huga í tengslum við ættleidd börn, er í sjálfu sér ekkert hægt

að alhæfa um þau. Það skiptir vissulega máli á hvaða aldri þau komu til kjörforeldranna og hversu mikla félagsþjálfun þau hafa fengið, hvort þau hafi verið á barnaheimili eða hjá fósturforeldrum. Allt er þetta mjög einstaklingsbundið og því mikilvægt að veita ættleiddum börnum aðeins meiri athygli en öðrum (Höjer og Höjer, 2005). Þó það sé í raun lítil munur á því hvernig aðlögun ættleiddra og annarra barna fer fram, þurfa leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskólans þó að átta sig á því að bakgrunnur ættleidda barnsins er öðruvísi en annarra barna. Þau hafa reynslu á bakinu sem getur haft áhrif á þroska þeirra og getur komið fram í félagsfærni þeirra, málþroska og hegðun. Því er mikilvægt að vera vakandi fyrir því að þessi ólíki bakgrunnur getur haft ýmis konar áhrif á börnin og þarf að gera það sem hægt er til að styðja þau með sem bestum hætti (Ættleiðing.is, e.d.d).

Flestar kjörfjölskyldur veita ættleidda barninu mikla umhyggju og athygli fyrst eftir að það kemur til þeirra en eftir ákveðinn tíma kemur að því að foreldrarnir þurfi að snúa aftur til vinnu, að loknu fæðingarorlofi, og verði því að láta barnið frá sér í einhvers konar daggæslu eða leikskóla. Oft gerist það tiltölulega snemma í tengslamyndunarferlinu og fyrir barn sem hefur átt við að glíma sálfræðilega erfiðleika vegna tengslaleysis, getur þessi breyting verið erfið (Federici, e.d.).

Eins og áður hefur komið fram eru oft á tíðum eru svolítið sérstakar aðstæður í málum ættleiddra barna, þau geta til dæmis verið eftir á í málþroska og í hreyfifærni. Oft eru ættleidd börn líka með lélegt líkamsmat og þau því álitin vera klaufsk og klunnaleg. Þegar þau til dæmis vilja vera góð við annað barn og klappa því, verða þau kannski of harðhent. Þá fer vítahringur í gang og barnið fær þá ímynd að vera erfitt. Þetta getur orsakast vegna þess að börnin eru ekki vön mikilli snertingu og eiga því erfitt með að átta sig á hvers konar snerting er góð og hvenær hún er of hörð. Þessi atriði hafa áhrif á það hvernig barninu gengur í leikskóla og því er mikilvægt að starfsmenn leikskóla séu meðvitaðir um sérþarfir þessara barna. Auk þess sem ættleidd börn gætu átt í vanda með leiki. Til þess að vera þátttakandi í leik þarf einstaklingur að hafa mótaða sjálfsmynd og hjá töluverðum hluta ættleiddra barna getur sjálfsmyndin verið skörðótt og trosnuð. Þess vegna geta sum þessara barna orðið félagslega heft og átt erfitt með leik við önnur börn. Einnig geta sum barnanna orðið ofvirk í leikjum, en mynda engin tengsl. Í báðum þessum tilfellum er áriðandi að fullorðnir veiti aðstoð. Þá getur sá fullorðni verið með í leiknum og kennt börnunum reglurnar, því í gegnum leik læra börnin langmest (Höjer og Höjer, 2005).

4 Tengslamyndun

Hugtakið geðtengsl (attachment) er notað um þau tilfinningatengsl sem einstaklingur myndar í samspili við sína nánustu. Geðtengsl eru þau sterku og ástúðlegu sambönd sem fólk hefur við mikilvæga aðila í lífi sínu, yfirleitt foreldra. Þessi tengsl skapast við að foreldrarnir svara merkjum barnsins og barnið lærir að það er öruggt hjá þeim. Þannig verður kærleiksríkt samband, fullt af trúnaði og trausti, til. Þessi tengsl vekja með þeim ánægju og gleði þegar samskipti milli þeirra eiga sér stað og þegar þau eru hughreyst með nærveru þeirra á erfiðum tímum. Geðtengsl felast meðal annars í því að þau sækjast eftir því að vera í nálægð hvort við annað og þannig skapast gagnkvæm binding við hvert annað (Berk, 2007; Höjer og Höjer, 2005). Ef þessir aðilar hverfa svo úr lífi barnsins, kemur fram sterkur kvíði og mikið tilfinningalegt uppnám hjá barninu. Nauðsynlegt er að skilja mikilvægi þessara tengsla til þess að átta sig á hvers vegna sterk tilfinningaviðbrögð hjá barninu koma fram við aðskilnað frá foreldrum (Valgerður Baldursdóttir, 1999).

4.1 Geðtengslakennning Bowlby

Geðtengslakennningin var sett fram og þróuð af John Bowlby á árunum 1950-1970 og hefur hún bæði verjandi og leiðbeinandi áhrif. Verjandi áhrifin gera það að verkum að barninu líður vel hjá foreldri sínu og það getur leitað þangað til að verja sig gegn hættum í umhverfinu. Þegar engar hættur eru í umhverfinu þá eru það leiðbeinandi áhrifin sem orsaka það að barnið treystir sér til að fara og skoða sig um á svæðinu, þá er foreldrið orðið eins konar varnarstöð fyrir barnið. Samkvæmt Bowlby skiptir það sköpum að viðhalda góðum tengslum milli móður og barns til að lifa af í heimi mannsins (Peluso, Peluso, White og Kern, 2004). Bowlby taldi að hvatinn fyrir þessum tengslum sem myndast milli umönnunaraðila og barnsins, sé þörfin fyrir öryggi og að það sé mjög mikilvægt fyrir manninn sem lífveru að þessari þörf sé mætt (Valgerður Baldursdóttir, 1999). Bowlby hélt því fram að best væri fyrir börn að mynda geðtengsl á aldrinum 6-12 mánaða, því þá væri nokkurs konar *næmisskeið*. Síðari rannsóknir hafa þó sýnt að þrátt fyrir að barn sé komið fram yfir þennan aldur, þá séu þau fær um að mynda náið samband við aðra. Þó er það vitað að því lengur sem það dregst, því erfiðara mun það verða (Aldís Guðmundsdóttir, 1992).

Samkvæmt Bowlby, byrjar samband ungbarnsins við foreldrið, strax við fæðingu, sem meðfædd merki sem kalla á foreldrið til að vera hjá barninu. Með tímanum myndast ástúðlegt samband, sem styðst við hugræna og tilfinningalega getu, auk ferli hlýju og næmrar umönnunar. Nærvera foreldra og barns á fyrstu ævimánuðum barnsins er ein og sér ekki nægileg til þess að örugg tengsl myndist þeirra á milli, því margt getur komið til sem truflar þetta ferli, s.s. álag á foreldrum, veikindi og reynsla foreldranna sjálfra af tengslum. Auk þess geta foreldrar bætt þennan grunn síðar þrátt fyrir að upphafsmánuðir barnsins hafi ekki verið eins og best verður á kosið (Berk, 2007; Valgerður Baldursdóttir, 1999). Geðtengsl þróast í fjórum stigum. *Forgeðtengslastig* (pre-attachment phase), *stig mótunar geðtengsla* (Attachment in the making phase), *stig ákveðna tengsla* (clear-cut attachment phase) og *stig formunar gagnkvæms sambands* (Formation of a reciprocal relationship). Fyrsta stigið á sér stað frá fæðingu til 6 vikna. Börn á þessum aldri þekkja lykt og rödd móður sinnar en eru þó enn ekki tengd henni, þar sem þeim er sama þó þau séu skilin eftir hjá ókunnugum. Meðfædd merki eins og bros, grátur, að grípa í og horfa í augu hjálpa nýfædda barninu að eiga í nánnum samskiptum við annað fólk sem hughreysta þau. Annað stigið á sér stað frá 6 vikna aldri til 6-8 mánaða. Á þessu stigi bregðast börnin öðruvísi við ókunnugum en þeim sem þau eru vel kunnug. Þegar ungbörn læra að þeirra eigin aðgerðir hafa áhrif á hegðun annarra, byrja þau að þróa traust til þeirrar manneskju, þ.e. væntingar til þess að umönnunaraðilinn muni bregðast við ákveðinni hegðun. En enn er ekki komið að því að þau mótmæli þegar þau eru aðskilin sínum nánasta umönnunaraðila. Þegar börn eru á aldrinum frá 6-8 mánaða til 18-24 mánaða eru tengsl við nánasta umönnunaraðila orðin augljós. Börnin sýna aðskilnaðarkvíða (separation anxiety), sem felur í sér að þau komast í uppnám þegar umönnunaraðilinn yfirgefur svæðið. Aðskilnaðarkvíði fer þó eftir skapgerð barnsins og hverjum aðstæðum fyrir sig. Á fjórða stiginu, eftir tveggja ára aldurinn, fer barnið að skilja betur hvers vegna foreldrið fer. Af þessum sökum verða mótmæli sjaldgæfari þegar foreldrið fer því barnið skilur betur að það kemur aftur. Þegar barnið hefur fengið skýringu á hvert foreldrið er að fara og hvenær það kemur aftur, minnkar kvíðinn og það verður rólegra (Berk, 2007). Aldurinn sem almennt er talað um að börnin séu á hverju stigi fyrir sig, á þó ekki við um ættleidd börn sem koma til kjörforeldra sinna nokkurra mánaða/ára gömul. Aðskilnaðarkvíði fer því eftir tengslaferlinu sem slíku en ekki aldri barnsins. Barn sem er til að mynda orðið 7 mánaða gamalt við ættleiðingu

fer ekki að sýna aðskilnaðarkvíða fyrr en það er orðið árs gamalt. Því má búast við að allt geðtengslaferlið sé með öðrum hætti þegar um ættleidd börn er að ræða (Melina, 1998).

Geðtengslamyndun ungbarna hefur verið skipt í fjóra flokka; örugg geðtengsl, frávísandandi, tvístígandi og óskipuleg geðtengsl og eru þessi þrjú síðastnefndu flokkuð saman undir óörugg geðtengsl. Þessi mismunandi geðtengsl geta sagt til um það hvernig barnið tengist öðru fólki og spáð fyrir um hvaða þættir það eru sem gætu valdið barninu erfiðleikum við að mynda tengsl síðar á ævinni. Til að finna út í hvaða flokki geðtengsla barn er, eru skoðuð atriði er varða þörf barnsins til að vera í náinni líkamlegri snertingu og hversu fljótt barnið hættir að gráta þegar geðtengdi aðilinn er viðstaddur. Þegar þessi atriði eru metin er hægt að finna út í hvaða geðtengslaflokki viðkomandi barn tilheyrir. Örugg geðtengsl fela í sér sterkar tilfinningar í innilegu sambandi þar sem bæði tilfinningalegt og líkamlegt öryggi er til staðar þegar barnið er í návist viðkomandi aðila. Einnig eru börn sem lifa við örugg geðtengsl, með jákvæðari svörun við aðal umönnunaraðila sinn (oftast móðir) og sýna lítil kvíðaviðbrögð þegar þau eru aðskilin frá þeim aðila (Peluso o.fl., 2004).

Þegar barnið upplifir óörugg geðtengsla sambönd, þá á vöntun sér stað í sjálfsþroska þeirra og hæfileiki þeirra til að tengjast öðrum skaðast. Þetta getur haft langtíma neikvæðar sálfræðilegar afleiðingar fyrir einstaklinginn. Innan óöruggra geðtengsla eru þrjú afbrigði, fráhrindandi, tvístígandi og óskipulögð geðtengsl. Fráhrindandi geðtengsl fela í sér að börnin þurfa litla líkamlega snertingu frá foreldri eftir að hafa verið aðskilin því. Í raun virtust mæður þeirra vera fráhrindandi, tilfinningalega fjarlægðar og sýndu oft reiðitilfinningu í kringum barnið. Þetta bendir til þess að börn sem búa með foreldrum sem endurtekið hafna þeim, gætu notað sem vörn eitthvert form af sambandsleysi eða koma sér undan aðstæðum. Samkvæmt kenningunni ætti þessi hegðun að minnka sársaukann sem stafar af ófullnægðum tilfinningaþörfum þessara barna á kostnað þess að þau hafa ekki vilja eða getu til að vera ástúðleg (Peluso o.fl., 2004).

Börn sem eru skilgreind með tvístígandi geðtengsl finna gjarnan fyrir ofsalegri þjáningu þegar foreldrið yfirgefur svæðið og vanhæfni til að vera huggað eftir að það snýr aftur. Börn með þessi geðtengsl virðast eiga við óvenju mikil innri átök að stríða varðandi skynjun á líkamlegri og tilfinningalegri nálægð frá geðtengda aðilanum. Þessir erfiðleikar gefa til kynna að uppeldið var ósamræmt eða óábyrgt í því að mæta

þörfum barnsins. Rannsóknir á afleiðingum þessarar tegundar af geðtengslum gefa til kynna að tvístígandi börn sýna hömlur á könnunaráráttu sinni, í þroska og sjálfsvörn en þau hafa hins vegar meiri tilhneigingu til kæruleysis og slysa. Að auki verða þau fyrir seinkun í þroska í samanburði við börn sem hafa örugg geðtengsl (Peluso o.fl., 2004).

Fjórði geðtengsla flokkurinn einkennist af óskipulagðri eða ruglingslegri svörun barns til foreldris. Þessi viðbrögð, sem oftast eru samsetning af frávísandi og tvístígandi geðtengslum, er ekki eins auðvelt að skilgreina. Það hefur leitt til þess að þessi tegund af geðtengslum hefur ekki alltaf verið meðtalin í mörgum nýjum rannsóknum og hefur þetta afbrigði ekki verið rannsakað eins mikið og hinar þrjár skilgreiningarnar (Peluso o.fl., 2004).

Þessi þrjú óöruggu geðtengsl styðja undirstöðukenningu Bowlbys, að barn verði að mynda einhvers konar geðtengsl þátt fyrir spillingu umhverfisins. Það er að segja, til þess að lifa af verður barnið að móta tengsl við foreldri, þrátt fyrir óákjósanlega tilfinningalega svörun frá því (Peluso o.fl., 2004).

4.2 Mikilvægi góðra geðtengsla

Fræðimenn hafa sífellt meiri áhyggjur af sívaxandi fjölda barna, sem snemma á ævinni, verja stærstum hluta dagsins í umsjá annarra en foreldra því það getur vissulega sett strik í reikninginn varðandi þroska barnsins í framtíðinni. Rannsóknir hafa þó sýnt að börn sem búa við góðar fjölskylduáðstæður, er sinnt vel og fá gæðasamverustundir við foreldra sína heima fyrir, ættu ekki að eiga í erfiðleikum við að mynda góð geðtengsl þó þau eyði stórum hluta dagsins utan heimilisins. Ef barnið hins vegar skiptir oft um dagvistun getur það orsakað erfiðleika heima fyrir (Guðrún Friðgeirsdóttir, 1996). Því er mikilvægt, til að barn geti myndað sem best geðtengsl, að veita því öryggi á sem flestum sviðum í lífinu.

Þar sem maðurinn er upp á aðra kominn stóran hluta lífs síns, ólíkt dýrum sem verða sjálfstæð mjög fljótt, er mjög mikilvægt að menn nái að mynda náið samband við umönnunaraðila sem mun tryggja öryggi og umönnun þeirra meðan þeir þurfa á því að halda (Melina, 1998).

Ef barn sýnir merki um tengslaröskun er mjög mikilvægt að koma því til aðstoðar eins fljótt og hægt er, annars er mikil hættu á að tilfinningalíf barnsins hljóti af því skaða. Einkenni tengslaröskunar getur brotist út í því að barnið heldur ekki

augnsambandi, grætur ekki né hjalar, virðist vera alveg sama hvort foreldrið sé nærri og er seint til að skríða. Tengslaröskun getur haft mjög alvarleg áhrif á allt líf barnsins og því er mikilvægt að bregðast hratt og vel við til að koma í veg fyrir sem mestan skaða (Ættleiðing.is, e.d.e).

Mjög mikilvægt er fyrir einstaklinga að hafa myndað örugg geðtengsl við einhvern sér nákominn snemma á ævinni. Þar með hefur skapast góður grunnur fyrir vel heppnuð félagsleg samskipti síðar á ævinni. Ungabörn sem hafa myndað góð geðtengsl við foreldri sitt þroskast þannig að þau geta átt í góðum samskiptum við jafningja sína þegar þau eldast. Á móti kemur að þau börn sem ekki hafa myndað góð geðtengsl hafa tilhneigingu til að eiga erfitt með að mynda tengsl og lenda þess vegna í erfiðleikum í félagslegum samskiptum síðar á ævinni. Þau börn sem hafa örugg geðtengsl, eru síðar á ævinni mun líklegri til að eiga mörg góð vinasambönd og lítið um félagslega árekstra en þau börn sem voru með óörugg geðtengsl sem ungabörn. Það ætti því að vera nokkuð ljóst að börn sem myndað hafa góð geðtengsl við foreldra sína snemma á ævinni munu eiga mun auðveldara með að eiga góð félagsleg samskipti þegar þau eldast. Er það vegna þess að þau hafa lært að treysta og hafa trú á öðrum og leiðir það til meiri hæfni í félagslegum samskiptum. Börn með óörugg geðtengsl eru þrátt fyrir þetta ekki dæmd til að eiga í slæmum félagslegum samskiptum, en vissulega getur það átt sinn þátt í félagslegum þroska þeirra (Kail, 2006).

Börn, sem búið hafa á barnaheimili þar sem margir umönnunaraðilar hafa annast þau, eru í hættu á að þróa með sér tengslaröskun og aukin hætta er á tengslaröskun ef barn hefur ekki myndað geðtengsl snemma á ævinni. Talið er að stór hluti ættleiddra barna sýni ýmis einkenni tengslaröskunar. Tengslaröskun getur orðið til þess að barnið eigi í erfiðleikum með að tjá og skilja eigin tilfinningar auk þess sem það eigi erfitt með að skilja þarfir og tilfinningar annarra. Börn með tengslaröskun treysta ekki öðru fólki og finna oft fyrir hjálparleysi. Þegar þessi börn eldast eru auknar líkur á að þau, sem fullorðnir einstaklingar, muni eiga í sálrænum erfiðleikum og þróa með sér alvarlegar persónuleikaraskanir. Af þessum orsökum er mikilvægt að vera vel vakandi fyrir einkennum tengslaröskunar, því ef ekkert er gert til að sporna við vandanum, getur það haft mjög slæmar afleiðingar fyrir barnið (Becker-Weidman, 2006). Það ætti því að vera ljóst, að góð geðtengsl við foreldra eru mjög mikilvæg fyrir heilbrigðan

þroska barna og ætti geðtengslamyndun við barn að vera forgangsaþriði, þegar nýtt barn kemur inn í fjölskyldu, hvort sem er með fæðingu eða ættleiðingu.

4.3 Einkenni geðtengsla hjá ættleiddum

Ættleidd börn eiga það sameiginlegt að hafa upplifað aðskilnað við kynforeldra sína, en misjafnt er hvenær sá aðskilnaður hefur átt sér stað. Mörg börn upplifa aðskilnaðinn mjög fljótlega eftir fæðingu, á meðan önnur upplifa hann síðar. Í sumum tilfellum hafa börnin verið tímabundið í umsjá aðila á stofnunum áður en þau voru ættleidd á meðan önnur fara tiltölulega fljótt til kjörforeldra eftir aðskilnað frá kynforeldrum. Þegar barnið er aðskilið frá kynmóður sinni, er það oftast skyndilega og sjaldnast er barnið undirbúið fyrir það. Það hefur þau áhrif að barnið hefur ekki náð að mynda tengsl við aðra fullorðna áður en kynmóðirin fer úr lífi þess. Því má segja að bæði ættleidda barnið og kjörforeldrarnir eigi missi og sorg sameiginlega. Barnið vegna þess að það var aðskilið frá kynforeldri sínu og uppruna og kjörforeldrarnir vegna barnsins sem aldrei varð til (Valgerður Baldursdóttir, 1999).

Um leið og kjörforeldrarnir fá barnið í hendur, hefst myndun tengslamyndunar. Frá þeirri stundu og næstu mánuði þar á eftir, ætti helst ekki að láta neinn annan um að sinna barninu eða halda á því, til þess að barnið og foreldrarnir fái tækifæri til að mynda sterk geðtengsl. Þessir fyrstu mánuðir eftir heimkomu eru mjög mikilvægir í geðtengslamyndun og því er mikilvægt að barnið fái sem mestan tíma með foreldrum sínum og öðrum á heimilinu og helst sem minnst í kringum aðra ættingja og vini. Vissulega er það skiljanlegt að fólk vilji fá að hitta barnið en aðalatriðið ætti að vera það sem barninu er fyrir bestu og það er að vera ekki að rugla það með því að hafa fullt af ókunnugu fólki í heimsókn, það mun aðeins seinka tengslamyndun við kjörforeldrana (Ættleiðing.is, e.d.c).

Kjörforeldrar þurfa að fara varlega í örvun barnsins og því hvernig þeir bregðast við þörfum þess. Sumir foreldrar, sérstaklega kjörforeldrar, eiga það gjarnan til að passa svo mikið upp á það að vera góðir foreldrar að þeir oförva barnið og bregðast of harkalega við kalli barnsins. Það getur leitt til þess að barnið finnur fyrir kvíðatilfinningu í stað öryggis, sem er andstæða þess sem foreldrarnir voru að reyna að ná fram. Þetta er sérstaklega algengt í þeim tilfellum þar sem barnið hefur verið misnotað eða vanrækt því þá eru kjörforeldrarnir mjög uppteknir af því að bæta barninu upp þennan skaða (Melina, 1998).

Þegar kjörforeldrar hafa ættleitt barn er mikilvægt að þeir nái að mynda jákvæð geðtengsl við það sem fyrst. Sumir velta því fyrir sér hvort að tengslin nái að verða eins sterk eins og ef barnið væri líffræðilega þeirra eigið og fyrir þá er mikilvægt að muna að tengsl ástar og væntumþykju eru sterkari en blóðtengsl. Vissulega myndast geðtengsl, ást og væntumþykja ekki um leið og barnið kemur, því ferlið getur tekið langan tíma en með tímanum verður barnið hluti af fjölskyldunni og fólk gleymir því oft að það hafi ekki eignast barnið líffræðilega því tengslin séu svo sterk (Mehta, 1992). Sagt er að ást á barni sem annars vegar er líffræðilega manns eigið og á ættleiddu barni hins vegar, sé jafn mikil, en tengslin myndast með öðrum hætti vegna ólíkra aðstæðna og eru því oft á tíðum lengur að koma í ljós. Sýnt hefur verið fram á að tengsl milli ættleiddra barna og kjörforeldra þeirra geta orðið jafnstærk og ef um væri að ræða líffræðilegan skyldleika. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að enginn munur hefur fundist á styrkleika geðtengsla þegar bornar voru saman fjölskyldur með ættleiddum börnum og fjölskyldur með líffræðilegum börnum. Því ættu kjörforeldrar ekki að þurfa að óttast það að þau muni ekki tengjast ættleidda barninu sínu með jafngóðum hætti og ella. Þó hefur verið sýnt fram á að foreldrar sem ættleidda barn sem er af öðrum kynþætti en þeir, þurfa gjarnan lengri tíma en ella til að líða vel með barninu sem er svo ólíkt þeim í útliti. Foreldrar geta þó verið bjartsýnir á að góð geðtengsl muni myndast með tímanum, sama af hvaða kynþætti barnið er (Melina, 1998).

Þegar ættleidda barnið kemur fyrst inn á nýja heimili sitt fara kjörforeldrarnir fljótlega að finna fyrir gífurlegri pressu um að heimilislífið sé til fyrirmyndar að öllu leyti. Erfiðleikar geta hins vegar komið upp varðandi tengslamyndun við barnið og getur það orsakað mikla sektarkennd hjá kjörforeldrunum, um að þeir séu ekki að standa sig sem skyldi. Það er því mikilvægt fyrir foreldrana að átta sig á því að tengslamyndun tekur tíma og að þeir séu ekki verri foreldrar fyrir vikið. Mikilvægt er einnig að muna, að það er ekki einungis barnið sem mynda þarf tengsl við foreldra sína, heldur þurfa foreldrarnir líka að mynda tengsl við barnið. Það getur tekið tíma því oft á tíðum finnst kjörforeldrum þessar aðstæður fremur óraunverulegar og þurfa að átta sig á því að þetta sé barnið þeirra (Höjer og Höjer, 2005).

Ef börn fá ekki tækifæri til að mynda góð tengsl við kjörforeldra sína geta þau orðið „fjarlægðarlaus“. Það felur í sér að þau skríða í fangið á hverjum sem er og vilja láta halda á sér, knúsa ókunnuga og svo framvegis. Af þessum sökum þurfa börn að

tileinka sér hvað nánd er og þurfa að læra að greina foreldra sína frá fjöldanum. Þess vegna er mikilvægt fyrir kjörforeldra að taka því rólega og hitta ekki of margt fólk fyrst eftir að heim er komið með barnið. Barnið þarf að venjast því að foreldrarnir séu alltaf til staðar, að það séu þau sem það fær huggun og ástúð frá (Höjer og Höjer, 2005).

Afleiðingar af löngum aðskilnaði barns og foreldris, snemma á ævi barnsins, geta verið mjög alvarlegar og langvarandi. Þá er sérstaklega átt við það langan aðskilnað að geðtengslin rofna, þó svo að það sé einungis í stuttan tíma. Þetta getur orðið til þess að barnið þurfi að glíma við langvarandi og alvarlegar atferlistruflanir sem hefur þá mikil áhrif á allt líf þess. Það er þó ekki algilt að um alvarlegt vandamál verði að ræða því aldur og þroski barnanna auk skapgerðar, atlætis heima fyrir og samband við foreldra getur haft mikið um það að segja hvernig barninu vegnar eftir þessa lífsreynslu. Ef tengslin rofna algjörlega, getur skipt miklu máli að barnið fái góða umhyggju frá öðrum aðila sem það getur tengst tilfinningaböndum því annars er hættu á að barnið hljóti skaða af. Viðbrögð barnsins við missi og vonbrigðum gætu átt á hættu að verða óheilbrigð síðar á ævinni auk þess sem það gæti átt erfitt með að tengjast tilfinningaböndum (Guðrún Friðgeirsdóttir, 1996). Það er því margt sem hafa ber í huga í tengslum við geðtengslamyndun ættleiddra barna því þau hafa öll upplifað einhvers konar aðskilnað. Ættleidd börn hafa oft ólíkan bakgrunn og því er alls ekki hægt að alhæfa um gæði tengsla í fortíð þeirra og ætti að veita hverju og einu sérstaka athygli til að koma til móts við þarfir þeirra á sem bestan hátt.

Mikilvægt er fyrir alla foreldra, ekki aðeins kjörforeldra, að átta sig á því að geðtengsl myndast ekki strax frá upphafi. Þegar barn fæðist myndast tengslin ekki nærri strax við foreldrana því það tekur tíma fyrir barnið að finna fyrir trausti í garð foreldrana. Því ættu kjörforeldrar alls ekki að óttast að líffræðilegir foreldrar hafi einhvers konar forskot á þá í myndun geðtengsla því það tekur ávallt tíma fyrir þau að myndast. Þó er rétt að geta þess að þegar börn eru ættleidd eru þau yfirleitt kominn á ákveðinn aldur og eru erfiðleikar í geðtengslamyndun að öllum líkindum tilkomnir vegna aldurs barnsins við ættleiðingu fremur en vegna þess að blóðtengsl séu ekki til staðar (Melina, 1998).

5 Eigindleg rannsókn

Rannsakað var hvernig foreldrar ættleiddra barna upplifa ættleiðingarferlið, hvernig tengslamyndun við börnin hefur gengið og hvernig börnunum hefur gengið að aðlagast í leikskóla. Við rannsókn þessa var talið heppilegast að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum. Sú aðferð er notuð þegar rannsakandinn hefur áhuga á að skilja ákveðið efni út frá sjónarhorni einstaklingsins. Þá er reynt að öðlast betri sýn með því að heyra frásagnir fólks frá fyrstu hendi en ekki með tölfræðilegum upplýsingum eins og megindlegar rannsóknir gera. Leitað er eftir hvaða merkingu fólk leggur í líf sitt, hegðan og tilfinningar (Rannveig Traustadóttir, 1993). Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa gjarnan verið notaðar við rannsóknir á ýmsum minnihlutahópum til að fá fram sjónarhorn þeirra á líf sitt og aðstæður (Esterberg, 2002). Þeir einstaklingar sem eru ættleiddir tilheyrja minnihlutahóp í samfélaginu. Eigindleg rannsóknarhefð fellur því vel að markmiðum þessarar rannsóknar.

Þegar gögnum var safnað fyrir rannsókn þessa, var stuðst við opin viðtöl þar sem ekki var notaður eiginlegur spurningalisti heldur var stuðst við nokkra viðtalspunkta sem þróuðust með hverju viðtali fyrir sig. Opin viðtöl eru ekki stöðluð og ekki er fyrirfram ákveðið að hverju skal spyrja þó margir kjósi að hafa minnislista meðferðis. Með opnum viðtölum er leitast við að gefa viðmælandanum tækifæri til að tjá sig um efnið með sínum eigin orðum og koma sínum vangaveltum á framfæri. Því er mikilvægt að nota ekki leiðandi spurningar sem gætu orðið til þess að viðmælandi svaraði á ákveðinn hátt. Útkoma þessara rannsókna er ekki tölulegur samanburður heldur hugtök eða þemu sem lýsa því hvað er sameiginlegt með reynslu eða upplifun mismunandi hópa og einstaklinga (Esterberg, 2002; Rannveig Traustadóttir, 1993).

5.1 Framkvæmd rannsókna

Undirbúningur að rannsókn hófst í byrjun árs 2008 og var fyrsta viðtalið tekið um miðjan mars og það síðasta í byrjun apríl. Rannsóknin er tilkynningarskyld til Persónuverndar og var gengið frá þeirri tilkynningu í byrjun árs 2008. Nálgast var viðmælendur í gegnum Íslenska ættleiðingu, þar sem foreldrar, sem áttu barn á leikskólaaldri á þessum tíma, voru beðnir um að taka þátt. Tekin voru sex viðtöl við foreldra ættleiddra barna og var í þremur tilfellum rætt við báða foreldra en eingöngu móður í hinum þremur. Viðtalstíminn var mislangur og spannaði hann frá 35 mínútum

upp í 70 mínútur. Ákveðið var að leyfa viðmælendunum að velja sjálfir staðsetningu fyrir viðtalið því mikilvægt er að þeim líði sem best meðan á viðtalinu stendur. Helmingur kaus að vera á eigin heimili en hinn helmingurinn valdi að koma á heimili rannsakanda.

5.2 Aðferðafræði

Í upphafi viðtala var þátttakendum gert ljóst að nöfn þeirra og aðrar persónuupplýsingar myndu hvergi koma fram, hvorki í skjölum sem innihalda afritun viðtala, né í rannsóknarniðurstöðum. Því ætti ekki að vera hægt að rekja nein svör til viðkomandi einstaklinga. Rannsakandi gætti fyllsta trúnaðar og var öllum rannsóknargögnum eytt að skráningu lokinni.

Viðtölin voru tekin upp og afrituð nákvæmlega. Samtals voru þetta um 305 mínútur sem reyndust um 147 blaðsíður í skráningu. Þegar öflun gagna var lokið var hafist handa við að greina viðtölin og var notuð *grunduð kenning* við þá vinnu. Grunduð kenning felst í því að ekki er farið af stað með fyrirfram mótaðar kenningar eða tilgátur heldur koma þær frekar í ljós þegar farið er yfir gögnin að viðtölum loknum (Esterberg, 2002 bls. 158). Viðtölin voru lesin nokkrum sinnum yfir til að leita að mynstri í gögnunum. Nokkur meginþemu voru dregin út sem voru mikilvægir þættir í reynslu þátttakenda og vógu þungt í rannsókninni. Uppbygging rannsóknarkafans var síðan ákvörðuð út frá þessum þemum og farið kerfisbundið yfir öll gögn sem safnað hafði verið til að bera saman mynstur. Helstu þemu sem dregin voru fram voru *Ættleiðingarferlið*, *Geðtengslamyndun*, *Erfiðleikar* og *Aðlögun í leikskóla*, auk þess sem þau komu með ráðleggingar til verðandi kjörforeldra sem verður svo fjallað um í næsta kafla. Hér á eftir verður síðan fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

5.3 Niðurstöður viðtala

Ættleiðingarferlið: Allir viðmælendur mínir höfðu, eftir margra ára tilraunir til að eignast barn, ákveðið að ættleiða og fengu þeir börnin í hendurnar eftir 14 mánaða til þriggja ára bið; þá voru börnin á aldrinum 11-18 mánaða gömul. Öll voru þau sammála um að ferlið væri ansi langt og að það væri ýmislegt sem þyrfti að breyta á því sviði. Flest þeirra gerðu sér grein fyrir að það gæti verið erfitt og jafnvel ekki

mögulegt en fannst þessi biðtími þó alltof langur og það þyrfti eitthvað að gera til að reyna að stytta hann. Sum komu með uppástungur um hvernig það væri hægt og nefndu meðal annars að ef stofnanir gætu sent skjöl rafrænt sín á milli, þá myndi ferlið mögulega ganga hraðar fyrir sig. Mörg nefndu líka að úttektin hjá barnaverndarnefnd taki of langan tíma og það hlyti að vera hægt að stytta það töluvert. Sum nefndu að það þyrfti að hafa skýrari stefnu um vinnuaðferðir því þau fengu stundum á tilfinninguna eins og það væri verið að leyna þau upplýsingum því það eru ekki gefin ákveðin svör.

Það er væntanlega það erfiðasta fyrir væntanlega kjörforeldra, þessi óvissa og stundum jafnvel útlit fyrir að það myndi lokast fyrir ættleiðingar frá þessu landi því það væri eitthvað vesen þar. Kannski ekki bara spurningin „hvenær fæ ég barnið mitt?“ heldur bara „fæ ég yfirleitt barn?“ þannig að það var mjög óþægilegt.

Það sem kom á óvart er hversu langur biðtíminn er eftir að upplýsingar um barnið berast til verðandi foreldra. Foreldrarnir sögðust flestir hafa fengið upplýsingar og myndir af barninu rúmu hálfu ári áður en þeir fengu svo leyfi til að sækja barnið. Að auki fékk ein móðirin á tilfinninguna að þau börn sem standa íslenskum kjörforeldrum til boða séu „síðri“ börn en önnur. Þ.e.a.s. þessum börnum hefur verið hafnað margsinnis af öðrum sem hyggjast ættleiða og eru „afgangs“ fyrir íslensk pör sem vilja ættleiða. Eins og hún orðaði það: „ég vil bara eiga sömu möguleika á að eiga heilbrigt barn eins og aðrir.“ Öll voru þau þó, að mestu, ánægð með starfsemi Íslenskrar ættleiðingar og sögðu að þetta væri mikið hugsjónastarf sem þar væri unnið og að starfsfólkið væri allt yndislegt og alltaf tilbúið til að aðstoða og leiðbeina.

Geðtengslamyndun: Flestir foreldrarnir sem ég ræddi við voru sammála um að tengslamyndunin tæki tíma. Sumir sögðust þó hafa fundið fyrir einhverjum tengslum mjög fljótlega en flestir þó ekki fyrir en eftir einhvern tíma. Nokkrir nefndu að það væri vel hægt að miða við „að þetta sé bara þumalputtaregla, jafnlengi á barnaheimili og jafnlengi að mynda tengsl.“ Foreldrarnir gerðu sér allir vel grein fyrir því hversu mikilvæg tengslamyndun væri fyrir börnin og voru vel meðvitaðir um einkenni tengslaröskunar og hvernig mætti stuðla að góðum tengslum við barnið. Ein móðirin sagði þegar við ræddum um tengslamyndun: „...þá er svo miklu auðveldara í framtíðinni að mynda tengsl við annað fólk, ef þú hefur einhvern tíma náð að festa ræturnar þínar“. Vissulega fundu margir foreldranna fyrir einhverjum erfiðleikum og

að barnið treysti þeim ekki strax, en allir fundu fyrir að einhvers konar tengsl hefðu myndast þó þau væru kannski ennþá í frekari mótun. Flestir nefndu svo einnig að þau gætu ekki ímyndað sér að tengslin gætu verið eitthvað betri þó barnið væri blóðtengt þeim. Ein móðirin orðaði það svona:

Fólk upplifir það náttúrulega að það að fæða barn er rosalega stór stund og... en ég meina, okkur hefur alltaf liðið þannig að hann gæti ekki verið meira okkar barn,... þó það sé stundin að fæða barnið, þá er hún ekkert endilega mikilvægari heldur en að fá hann í fangið. Það er stundin mín. Þú veist, og hún er ekkert minni... mikilvæg.

Erfiðleikar: Ýmis konar erfiðleikar hjá barninu höfðu komið upp eftir að það kom til landsins. Flestir foreldrarnir höfðu fundið fyrir snertifælni af einhverju tagi, en í mismiklu magni. Sum börnin vildu snertingu en einungis á eign forsendum og höfnuðu henni ef foreldrarnir áttu frumkvæði að því að snerta barn sitt. Sumir fundu fyrir skilningsleysi annarra á séraðstæðum ættleiddra barna:

Mér finnst bara almennt ekki fólk, og þá er ég ekkert endilega bara að tala um leikskólakennarana, það eru ekki allir sem að bara, fatta það að... að þessi börn vilja ekki láta snerta sig, að þau séu aðeins öðruvísi að því leyti.

Aðrir fundu hins vegar ekki fyrir þessari snertifælni barna sinna „hann hefur alltaf viljað vera nálægt manni og aldrei verið með þessa snerti... eins og sum börn eru þú veist, það má ekki koma við þau og það. En það hefur aldrei verið neitt svoléiðis“. Svo það er nokkuð ólík reynsla meðal foreldranna hvað snertifælni og snertipörf varðar. Sumir foreldrarnir urðu varir við erfiðleika á nóttunni, bæði martraðir og óróleika sem braust stundum út á næturnar. Eitt foreldraparið fann mikinn mun á barni sínu eftir að skipt var úr rimlarúmi yfir í annars konar rúm og aðrir fundu mun á barninu hvort það svaf með sæng eða ekki. „...það var bara eins og við hefðum sett ofan á hann stórt grjótt. Hann var bara trylltur þar til sængin var farin, þá bara róaðist hann niður.“ Það var þó sama hversu miklir erfiðleikarnir voru, þeir gleymdust alltaf um leið og barnið brosti til þeirra og öll voru þau sammála um að þetta væri ein besta ákvörðun sem þau hefðu tekið. Það sannaðist meðal annars í því að fimm af þessum sex þörum sem rætt var við, eru komin af stað í annað ættleiðingarferli og ætla sér að ættleiða annað barn.

Aðlögun í leikskóla: Flestir foreldrarir sögðu að aðlögun á leikskóla hefði gengið vel og barnið væri ánægt í leikskólanum. Tvær fjölskyldur fengu töluvert svigrúm þegar kom að aðlögun barnsins og fengu að koma með barnið í útiveru, áður en það byrjaði í eiginlegri aðlögun. Flestar fjölskyldurnar fengu svo þessa hefðbundnu viku í aðlögun en aðeins ein nýtti sér og sóttist eftir því svigrúmi sem þurfti til að barninu liði vel. Sú fjölskylda fékk fimm vikur í aðlögun og varð það til þess að barninu líður nú mjög vel í leikskólanum og er ánægt með dvölinu þar.

Það tók einhverjar fimm vikur. En þá líka bara, þá bara ákvað hann bara einn daginn, þá sagði hann bara bless. Það var bara svoleiðis, ég fór ekkert í einhvern tíma eða eitthvað svoleiðis, bara einn daginn... nú má ég fara heim. Og eftir það hefur aldrei verið vandamál.

Það má velta fyrir sér hvernig hefði farið ef ekki hefði verið veitt svo mikið svigrúm með aðlögunartímann. Í öðru tilfelli talaði móðirin um að hún hefði viljað fá meira svigrúm í aðlögunartíma fyrir barnið sitt en fékk hann ekki. Í þessu tilfelli var barnið enn ekki orðið sátt við leikskólann þó það væri búíð að vera þar í marga mánuði. „Hann bara vill ekki fara á leikskólann, vill frekar bara vera aleinn heima. Og í nótt til dæmis vaknaði hann klukkan fjögur og sagði „ég ætla ekki í leikskólann.“ Þannig að... það hlýtur eitthvað að vera í gangi, eitthvað óöryggi.“ Sumir foreldrarir fundu fyrir þrýstingi að skilja barnið eftir sem fyrst og fannst þeir ekki fá nægilegt svigrúm frá starfsmönnun leikskólans. „Við vorum í raun að fara svolítið eftir því í stað þess að í rauninni, ja okkur hefði hentað betur að setjast niður og fá að tala um þetta, maður á bara að gera það“. Ein móðirin lýsti aðlögun dóttur sinnar svo:

Þetta virkaði fyrir hana, þetta var passlegt fyrir hana. Kannski þurfa sumir eitthvað meira eða minna, þetta virkar bara alveg fínt fyrir hana. Enda er þetta ekkert heilagt, ef ég hefði viljað lengri tíma eða eitthvað, þá hefði það örugglega bara verið orðið við því sko.

Þessi frásögn sýnir að það eru ekki allir sem þurfa lengri tíma, en mikilvægt er að þeim sé veittur sá tími ef þykir þörf á. Ýmsir erfiðleikar komu upp í sambandi við aðlögun, flestir aðeins í stuttan tíma. Sumir foreldrarir höfðu upplifað eitthvað þessu líkt:

...gekk alveg vel, þannig séð. Fyrst. Ég held að það sé bara algjör formúla, gengur vel fyrst af því þetta er allt nýtt og svo í viku tvö, þá

kemur bakslag og það var alveg mjög erfitt að skilja hann... hann bara grét, alveg bara virkilega.

Ein móðirin lýsti yfir sínum erfiðleikum í sambandi við leikskólann og fannst mjög erfitt að hafa í raun engra annarra kosta völ en að hafa barnið sitt, óánægt, á leikskólanum.

Þau eru rétt að byrja að treysta okkur og hafa smá traust til okkar, þá gerum við þeim þetta... og við erum í raun að gera þeim þetta. Og hérna... en þjóðfélagið okkar í raun býður ekki upp á að við séum neitt mikið lengur heima, þannig að þá þyrftu þau að fá nýjan svona öryggisventil því þau eru svo nýbyrjuð að læra að treysta okkur.

6 Ráðleggingar til foreldra og leikskóla

Við rannsóknarvinnu í vinnslu ritgerðarinnar komu fram ýmsar ráðleggingar til verðandi kjörforeldra, frá þeim foreldrum sem rætt var við, verðandi ýmis atriði sem ættleiðingar varðar. Einnig eru hér dregin saman ýmis heilræði úr þeim skriflegu heimildum sem notaðar hafa verið, bæði verðandi tengslamyndun og stuðning við börnin og einnig verðandi leikskólagöngu þeirra. Valið hefur verið að draga þessi atriði sérstaklega saman hér, en þegar hefur verið fjallað um flest þeirra í köflunum hér að framan.

6.1 Ráðleggingar foreldra til verðandi kjörforeldra

Foreldrarnir í viðtölunum, höfðu allir ýmis ráð til verðandi kjörforelda og allir voru á því að þetta væri frábær lífsreynsla sem þau myndu ekki skipta út fyrir neitt. Sumir bentu á að fólk ætti að hugleiða þennan kost fyrir, því að ættleiða barn ætti ekki að þurfa að vera síðasti valkostur, þetta sé frábær valkostur sem fólk ætti hiklaust að hugleiða fyrir í barneignarferlinu. „...þetta er ekki eins mikið mál og gert er úr þessu“. Ein móðirin ráðlagði fólki að reyna að spyrja sem mest um barnið á meðan á dvölinni úti stendur, því það sé mikilvægt að reyna að fá sem mestar upplýsingar verðandi barnið. „Þá kannski bara spurði maður ekki nóg. Ég var bara, maður var bara þarna í einhverju tilfinningarsjokki sko, eða þannig. Og ég vissi ekkert að hverju ég átti að spyrja, þú veist læknirinn var þarna og ég gat spurt hann.“ Og einnig ætti að leggja

áherslu á að reyna að geyma sem mest til að sýna barninu þegar það eldist. Allt sem viðkom barninu og fortíð þess. Foreldrarir töluðu mikið um það hversu mikilvægir fyrstu dagarnir með barninu væru. Þar fengu þau að vera í næði bara þrjú og að það væri ofboðslega mikilvægt að fá svona góðan tíma til að tengjast barninu, í ró og næði án þess að nokkur væri að trufla. Einnig væri mikilvægt að tala mikið við barnið um ættleiðinguna og tala jákvætt um bæði kynmóðurina og húðlitinn. „...*bara tala nógu mikið um það, tala jákvætt um mömmuna, tala mikið og jákvætt um húðlitinn og að hann sé öðruvísi og svo bara ást, ást, ást.*“ Mikilvægt sé að byggja upp sterka sjálfsmynd hjá barninu sem er stolt af sínum uppruna og útliti. Það sjá allir að barnið er af öðrum kynþætti en flestir Íslendingar og það er mikilvægt að vera ekki að hlaupa neitt í felur með það. Það gæti haft þau áhrif að barnið skammist sín fyrir útlit sitt. Þess í stað ætti að passa upp á að barnið upplifi húðlit sinn sem eitthvað jákvætt og mikilvægt er að ræða um hann á jákvæðan hátt.

Ég er svo ánægð með það, þær [á leikskólanum] tala um að hún er stundum súkkulaðiís og ein frá Kína er karamelluís og svo er hvíti strákurinn vanilluís. Og mér finnst þetta bara fínt. Því sumum finnst þetta eitthvað viðkvæmt að tala um húðlit. Ég meina þau eru ólík, þau eru mismunandi á litinn og mér finnst alls ekki að eigi að bæla það sko. Þú átt bara að vera montin af því að vera brúnn og montin af því að vera hvítur og bara eins og þú ert.

Foreldrarir voru flestir heima í um það bil ár, gáfu sér nægan tíma eftir að fæðingarorlofi lýkur til að vera með barninu sem lengst og töldu þeir það allir mjög mikilvægt að eyða sem lengstum tíma með barninu sínu heima.

Já og bara líka þegar maður kemur heim, að gefa sér tíma í aðlögunina. Maður er búinn að bíða alla sína ævi eftir þessu barni og... maður hlýtur að geta gefið sér aðeins meiri tíma í að vera með barninu sínu. Það bara skiptir svo miklu máli.

Nándin á þessum tíma skiptir líka ofboðslega miklu máli og ein móðirin talaði um hversu gott henni hefði þótt að fara í sund með barnið.

Því oft þegar ættleidd börn koma til landsins þá eru þau oft milli svona eins, eins og hálf og þá eru þau orðin of gömul fyrir venjulega ungbarnasundið en þurfa svo á þessu að halda út af líkams... styrk og traustið og tenginguna. Það er bara þessi snerting. Þetta er þessi stund

með foreldrunum í einhverjar 40-50 mínútur þar sem maður er með athyglina alveg á barninu.

6.2 Almennar ráðleggingar varðandi tengslamyndun og stuðning

Því meiri nálægð sem er milli barns og foreldris því nánari tengsl myndast þeirra á milli. Barnið þroskast á sem hagstæðastan hátt þegar sterk tengsl eru milli barnsins og foreldris þess. Tengslin þróast þegar foreldrið bregst við þörfum barnsins á næman hátt og þegar barnið skynjar að tilraunir þess til samskipta bera með sér ánægjuleg viðbrögð. Án þessa viðbragða munu tengslin ekki verða eins sterk og vandamál gætu fylgt. Það hefur sýnt sig að mikil líkamleg nálægð við foreldi, til dæmis í burðarpoka, hefur mikil áhrif á hvers konar tengsl myndast milli foreldris og barns. Þegar svo mikil nálægð er milli einstaklingana, lærir foreldrið betur inn á þarfir barnsins og barninu nægir að gefa frá sér lágvær hljóð til að foreldrið sinni þörfum þess. Þessi mikla nálægð dregur þ.a.l. úr þörf barnsins til að öskra á athygli og kemur þar með í veg fyrir að barnið þjálfist í að leita eftir athygli með þeim hætti (Welch, 1988).

Til að geðtengslin milli foreldra og barns verði sem best er mikilvægt, eins og áður hefur komið fram, að hafa gestakomur með minnsta mögulega móti fyrstu mánuðina. Barnið verður að fá tækifæri til að mynda góð tengsl við foreldra sína og til þess þarf það næði og sem minnst af utanaðkomandi áreiti. Ef margir einstaklingar eru í því að halda á barninu og sinna því, mun það verða til þess að tengslamyndun við kjörforeldrana mun seinka (Federici, e.d.).

Mikilvægt er að muna að ættleidd börn þurfa oft á meiri stuðningi að halda en önnur börn því reynsluheimur þess er allt annar en barna sem fæðast inn í fjölskyldur. Auk þess sem þau þurfa að fá svigrúm til að til að syrgja kynfjölskylduna og fá stuðning til að vinna úr þeim tilfinningum. Til þess að kjörforeldrarnir geti veitt þennan stuðning á sem bestan hátt, þurfa þeir sjálfir að vera búnir að vinna sjálfir úr sinni sorg varðandi það að geta ekki getið sitt eigið barn. Mikilvægt er fyrir kjörforeldrana að vera opnir gagnvart tilfinningum barnsins og gefa því tækifæri á að tjá þær tilfinningar sem það finnur fyrir án þess að það finni að foreldrinu þyki óþægilegt að ræða þessi mál (Valgerður Baldursdóttir, 1999; Ættleiðing.is, e.d.b).

Mjög gott er að leika við barnið á þann hátt sem hvetur það til að eiga í augnsambandi við foreldrið og þar sem snerting getur orðið mikil, án þess þó að vera yfirþyrmandi. Barnið þarf á mikilli snertingu að halda, þó það vilji hana ekki þá er

snerting mikilvægur þáttur í tengslamyndun barns og foreldris. Ungbarnanudd, sund og baðferðir eru til þess að auka snertingu á sem þægilegastan og skemmtilegastan hátt. Til að barni líði sem öruggast er gott að láta barnið sofa í sama rúmi og foreldrið, ef það er mögulegt. Annars er næstbesti kosturinn að hafa nálægðina í svefni sem mesta. Rúm barnsins ætti að vera sem næst rúmi foreldrana, þá heyra þau andardráttinn og finna vel fyrir nálægð foreldrisins (Ættleiðing.is, e.d.e).

Börn sem hafa verið ættleidd hafa fæst fengið nægilega örvun og tækifæri til að þroskast í samræmi við aldur sinn og því er mikilvægt fyrir kjörforeldra að vera vel vakandi yfir þeim atriðum sem þau geta gert til að örva þroska barnsins síns. Þó er einnig mikilvægt að hafa í huga að byrja ekki af fullum krafti. Það getur verið of mikið áreiti fyrir barn sem hefur fengið litla örvun og snertingu að fá skyndilega mikla örvun og snertingu. Smá skref eru best í þessum efnum þar sem gefa verður barninu tækifæri á að venjast þessum miklu breytingum (Federici, e.d.).

6.3 Almennar ráðleggingar varðandi leikskólagöngu barnsins

Bæði kjörforeldrar og starfsmenn leikskóla skulu hafa í huga að mikilvægt er fyrir ættleidd börn að hafa reglu á hlutunum. Láta sömu hluti koma fyrir aftur og aftur, þetta skapar öryggi fyrir barnið. Nauðsynlegt er að leyfa aðlöguninni á leikskólann að taka þann tíma sem þörf er á. Endurtaka frekar atriði og aðstæður fremur en að halda áfram til þess eins að halda áfram. Gera hlé og byrja aðlögunina upp á nýtt ef eitthvað fer í baklás eða virðist ekki hafa gengið sem skyldi. Auk þess þarf að hafa skýra og vel skipulagða aðlögunaráætlun. Stórt atriði í aðlögun ættleiddra barna á leikskóla, er að einn starfsmaður sé ábyrgur fyrir aðlöguninni og að sá starfsmaður haldi áfram að umgangast og sinna barninu (Höjer og Höjer, 2005).

Mjög mikilvægt er að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskólans geri sér grein fyrir því að ættleidd börn glíma oft við vandamál sem önnur börn gera ekki. Þau hafa upplifað aðra hluti sem getur haft áhrif á hegðun þeirra og þroska, bæði málþroska og félagsfærni og þurfa starfsmenn því að sýna þeim skilning og gera ekki sömu kröfur til þeirra og annarra barna hvað þessi atriði varðar (Ættleiðing.is, e.d.d). Starfsmenn leikskólans þurfa að fá helstu upplýsingar um aðstæður og líðan barnsins áður en það kom til kjörforeldranna. Það skiptir máli fyrir starfsfólkið að vita hvenær aðskilnaður við kynmóður átti sér stað, andlegt og líkamlegt heilbrigði barnsins, hvernig gekk að sækja það, hvort barnið hafi verið á barnaheimili eða hjá fósturmóður

og hversu marga aðskilnaði barnið hefur gengið í gegnum. Auk þess er mikilvægt fyrir starfsfólkið að vita hvernig barn bregst við sársauka, sum börn gráta til dæmis ekki og forðast snertingu. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að auðveldara verði að svara þörfum barnsins á sem bestan hátt. Starfsfólk verður þó að hafa í huga að ekki er allt sem kemur þeim við, í sambandi við fortíð barnsins, sumt tilheyrir einfaldlega einkalífi barnsins (Höjer og Höjer, 2005).

Mögulegt er að upp komi vandamál í sambandi við hvíldartíma á leikskólanum, ættleidda barnið gæti hafa orðið fyrir sálrænu áfalli eða haft óþægilegar minningar sem koma fram milli svefns og vöku og því er alls líklegt að það vilji ekki sofna eða hvílast í hvíldartíma leikskólans. Þetta getur orsakað árekstur við reglurnar í leikskólanum og er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að barnið neitar ekki vegna þrjúsku eða skapgerðarerfiðleika. Ef möguleiki er fyrir hendi, gæti verið betra að leyfa barninu að vaka og dunda sér í rólegheitunum. Þetta verður til þess að barninu líður betur og verður frekar tilbúið fyrir hvíldartímamann seinna meir (Höjer og Höjer, 2005).

Mikilvægt atriði er að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskóla, veiti því athygli hvernig ættleidda barninu gengur í samskiptum sínum og leik við önnur börn. Sum ættleidd börn geta átt erfitt með þessi samskipti og því gæti þurft að grípa inn í, til þess að aðstoða barnið við að eiga í góðum félagslegum tengslum við önnur börn. Því gæti verið gott að aðstoða barnið við að læra reglurnar og vera með í leiknum á meðan barnið er að læra eðlileg félagsleg samskipti (Höjer og Höjer, 2005).

7 Umræða og lokaorð

Ýmislegt hefur komið hér fram um hversu mikilvæg góð tengslamyndun er fyrir börn og hvaða erfiðleikar geta komið fram þegar um ættleidd börn er að ræða. Margt ber að hafa í huga þegar annast er um ættleidd börn og er mikilvægt að bæði foreldrar, sem og aðrir umönnunaraðilar, séu vel vakandi fyrir þessum atriðum. Oft vill það gleymast að ættleidd börn hafa ýmsar sérþarfir og þó mikilvægt sé að líta á þessi börn sem venjuleg börn og sem hluta af heildinni, þá má heldur ekki gleyma þeirra séraðstæðum og þeim þörfum sem þau hafa umfram önnur börn.

Það sem fólk gerir sér oft ekki grein fyrir, þegar um ættleitt barn er að ræða, er að þrátt fyrir ungan aldur og þrátt fyrir að það sé komið á heimili hjá foreldrum, sem annast það vel og veita því þá athygli og umönnun sem börn þurfa á að halda, þá getur

Þessi breyting sem slík verði erfið upplifun fyrir barnið. Margir segja að þetta séu jú bara venjuleg börn, sem beri að koma fram við sem slík og auðvitað er það rétt, en þau hafa samt ákveðna reynslu í farteskinu, sem gerir að verkum að það þarf að huga sérstaklega að þörfum þeirra, til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar í framtíðinni. Ófullnægjandi aðlögun ættleiddra barna í leikskóla sem og í samfélagið allt, getur orðið til þess að skapa stórt vandamál í framtíðinni; því er mikilvægt að staðið sé rétt að þessum þætti forvarna til að fá sem best mótaða einstaklinga út í samfélagið.

Félagsráðgjafar koma víða við í ættleiðingarmálum erlendis og mætti reyna að virkja þátttöku þeirra frekar hér á landi. Ef ekki er vel að þessum börnum búið og ef þau aðlagast ekki fjölskyldunni og samfélaginu öllu, sem skyldi, er ljóst að vandamál þessara barna gætu átt eftir að aukast í framtíðinni og þá oft með aðkomu félagsráðgjafa. Félagsráðgjafar koma við sögu þegar vandamál af ýmsu tagi koma upp í málefnum barna og unglunga og því ætti að vera áriðandi að félagsráðgjafar séu til aðstoðar frá byrjun í eins konar forvarnarhlutverki.

Ýmsir velta fyrir sér þeirri siðferðislegu spurningu hvort rétt sé að ættleiða barn úr landi og að það skuli alast upp í öðru landi hjá sér óskyldu fólki, sem ef til vill er ekki einu sinni af sama kynstofni og barnið, eða býr við aðra menningu og trúarbrögð en það samfélag sem barnið fæddist inn í. Eflaust væri hægt að rökræða þetta fram og aftur og færa rök fyrir hvoru um sig. Mín persónulega skoðun er hins vegar sú að það hlýtur að vera mun betra fyrir barn að alast upp í öðru landi hjá elskandi foreldrum heldur en að alast upp á barnaheimili þar sem það fær mögulega ekki nægilega andlega örvun, athygli og umönnun.

Spakmæli sem gott er að hafa í huga í uppeldi allra barna, ekki aðeins þeirra ættleiddu er: „Foreldrar geta aðeins gefið börnum sínum tvær gjafir. Sú fyrri er rætur og sú seinni er vængir“. Öll börn þurfa að eiga sér stað til að geta fest rætur sínar til þess að finnast þeir eiga sér heimili. Hér er ekki eingöngu átt við staðsetningu þar sem barnið býr, heldur er fremur átt við fastar rætur hjá fjölskyldu sem ann því af öllu hjarta. Til að barn geti myndað sína sjálfsmynd þarf það að finnast það tilheyra fjölskyldu og eiga sér sinn stað.

Margt gengur vel í málefnum ættleiddra barna en enn er margt sem mætti bæta til að aðstæður séu með besta mögulega hætti. Enn eru nokkrir lausir endar í þessum málaflokki og ætti að leggja meiri áherslu á að leita viðeigandi lausna á þeim vanda

sem að steðjar. Margt væri hægt að rannsaka frekar hvað varðar málefni ættleiddra barna; merkilega lítið hefur verið lagt í rannsóknir af því tagi hér á landi og því er mjög mikilvægt að breyta, að mínu mati. Ættleiddir einstaklingar eru að verða stærri og stærri hluti af íslensku þjóðfélagi og má ekki gleyma að upplifanir þeirra á umhverfi sínu og samfélagi eru stundum öðruvísi en annarra Íslendinga og því er mikilvægt að sjá til þess, að aðlögun þeirra í íslenskt samfélag sé eins og best verður á kosið. Ýmsar hugmyndir vöknudu, við skrif þessarar ritgerðar, sem væri áhugavert að rannsaka í framhaldi af þessari rannsókn. Áhugavert væri að athuga hvernig ættleiddum börnum vegnar í lífinu og hvernig þau hafa upplifað það að vera ættleidd. Er eitthvað sem þeim finnst að mætti betur fara eða eitthvað sem þau hefðu viljað hafa öðruvísi? Mjög áhugavert væri að rannsaka þann þátt betur þar sem það hlýtur að vera forgangsatriði að ættleiddum börnum líði vel og upplifi á jákvæðan hátt að vera ættleidd. Að auki gæti verið áhugavert að athuga hvort ættleidd börn hagi sér á einhvern hátt öðruvísi en önnur börn, almennt séð. Yfirleitt er það svo, að lítið er á þessi börn sem hluta af heildinni og ekki velt upp þeirri spurningu hvort þau séu á einhvern hátt ólík öðrum börnum. Er vantraust t.d. fremur ríkjandi í þeim en öðrum börnum? Eða eiga ættleidd börn yfirleitt erfiðara með að treysta fólki og sést það í hegðun þeirra? Þetta eru spurningar sem væri áhugavert að leita svara við í komandi rannsóknum.

Margt kom á óvart við þessa rannsóknarvinnu og ber kannski helst að nefna hversu lík svör foreldranna voru á ýmsum þáttum. Ég hafði áður búist við ólíkari skoðunum og upplifunum en þeim sem komu fram. Fólk er ólíkt og upplifir svipaða reynslu oft á ólíkan hátt og því kom nokkuð á óvart hversu lítill munur reyndist vera á reynslu þeirra og upplifun. Foreldrarnir voru allir sammála um að ættleiðingarferlið væri mjög langt og fannst að það hlyti að vera hægt að stytta það á ýmsum stöðum. Til að mynda virðist vera óþarflega langur tími frá því að upplýsingar um barn berast til verðandi foreldra og þar til þeir fá að fara erlendis og fá það í hendur. Það hlýtur að vera hægt að stytta það ferli eitthvað. Einhver pappírsvinna fer auðvitað fram á þessum tíma og vissulega er þetta góður tími fyrir þá foreldra sem telja sig þurfa að velta fyrir sér hvort þeir vilji viðkomandi barn, en fyrir hina sem ekki þurfa langan umhugsunarfrest, getur þessi biðtími verið mjög langur og erfiður. Einnig hlýtur það að gefa augaleið að það sé betra fyrir barn að komast í hendur foreldra sinna sem fyrst, því þá hlýtur skaðinn af tengslaröskun að vera minni. Því ætti að vera forgangsatriði að reyna að stytta

biðtímann eftir barni til að barn komist sem fyrst í hendur elskandi foreldra, það dregur úr skaðsemi stofnunarvistar.

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að hafa í huga þegar ættleidd börn byrja á leikskóla, að þau hafa upplifað ýmislegt sem önnur börn hafa ekki reynslu af. Aðlögun ættleiddra barna í leikskóla fer yfirleitt ekki fram með öðrum hætti en aðlögun annarra barna, þó er mikilvægt fyrir leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskóla að vera meðvitaðir um það að oft á tíðum þurfa þessi börn lengri tíma en ella til að aðlagast leikskólanum. Í einu viðtalinu kom fram að í fyrstu gekk aðlögunin fremur illa og þá var ákveðið að hafa aðlögunartímann sveigjanlegan og eins langan og þyrfti. Það varð til þess að barnið fann öryggistilfinningu og líður nú vel í leikskólanum. Nokkuð ljóst er af viðkomandi viðtali að þetta var það sem til þyrfti og á sama hátt er nokkuð ljóst að það barn, sem enn í dag gengur illa með í leikskólanum, hefði þurft á lengri aðlögunartíma að halda. Til þess að börnunum líði sem best í leikskólanum ætti að leitast eftir að gefa þeim þann tíma sem þau þurfa til að verða sátt við leikskólavistina. Auk þess er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að börnin þurfa á föstum punkti að halda til að geta liðið vel í umhverfi sínu og því ætti að vera forgangsmatariði, þegar ættleidd börn byrja á leikskóla, að athuga með fyrirhugaðar mannbreytingar þar. Ættleidd þurfa oft á meiri stöðugleika að halda en önnur börn og því gæti það breytt miklu að gefa þeim það öryggi sem þau þurfa á að halda til að líða vel. Vissulega eru ættleidd börn með ólíkar þarfir rétt eins og önnur börn og alls ekki víst að öll hafi einhverjar sérþarfir að þessu leyti. En mikilvægt er þó fyrir leikskólustarfsmenn að vera vel vakandi fyrir þeim möguleika að þau þurfi lengri tíma eða fastari skorður til að þeim vegni sem best í skólastarfinu og í lífinu almennt.

Ekki kom nein skýr niðurstaða í spurninguna hvort tengslamyndun við foreldra hafi mikið með velgengni aðlögunar í leikskóla að gera, því tengslin voru yfirleitt góð. Í því eina tilfelli þar sem aðlögun og leikskólagangan hafði ekki gengið sem skyldi, taldi foreldri einnig að tengslin væru þokkaleg, en þó ennþá í mótun. Í hinum tilfellunum voru foreldrarnir vissir á því að tengslin við barnið væru orðin mjög góð. Því mætti kannski geta sér til um að þarna sé um orsakasamband að ræða, en erfitt er að fullyrða um það í svo litlu úrtaki. Vissulega getur einnig verið erfitt að meta á hvaða stigi tengslamyndun er og því er erfitt að segja til um orsök og afleiðingu þess hvernig leikskólaaðlögun gekk. Áhugavert gæti verið að gera stærri rannsókn á þessu sviði þar sem kæmi fram marktækari niðurstaða, því erfitt er að meta marktækni milli

tengsla og aðlögunar í svo litlu úrtaki. Greinilegt er að persónuleiki barnanna hefur margt um það að segja hvernig þeim vegnar í leikskóla og í samfélaginu öllu og því er mikilvægt að reyna að koma til móts við ólíkar þarfir þessara barna á sem bestan hátt. Ljóst þykir að sterkur persónuleiki og jákvæð sjálfsmynd hefur mikið um það að segja hvernig einstaklingi vegnar í framtíðinni og því er mikilvægt að gera þeim kleift, á sem bestan hátt, að fá tækifæri til að þroska þessa jákvæðu sjálfsmynd. Það er erfitt að gera þegar einstaklingurinn finnur fyrir mismunun af einhverju tagi og því er mikilvægt að við leggjumst öll á eitt til að styðja við jákvæða sjálfsmyndarmótun barnanna.

8 Heimildaskrá

- Aldís Guðmundsdóttir. (1992). *Sálfræði: Vöxtur og þroski*. Reykjavík: Mál og menning.
- Becker-Weidman, A. (2006). Treatment for children with trauma-attachment disorders: dyadic developmental psychotherapy. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 23 (2). bls. 147-171.
- Berghildur E. Bernharðsdóttir. (2001). „Þetta er reiður leikskóli“: aðlögun í leikskóla. *Uppeldi*, 14, (5) bls. 16-17.
- Berk, L. E. (2007). *Development through the lifespan*. Fjórða útgáfa. Boston: Pearson Education inc.
- Elias, A. (2005). *Kjörbarnið og leikskólinn*. (Gerður Guðmundsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir þýddu). Reykjavík: Íslensk ætleiðing. (Upphaflega gefið út 2002).
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.
- Farley, O. W.; Smith, L. L.; Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Boston: Pearson education, inc.
- Federici, R. S. (e.d). *Raising the post-institutionalized child risks, challenges and innovative treatment*. Sótt þann 2. febrúar 2008 af http://www.drfederici.com/raising_child.htm.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 19. Mars 2008 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Guðrún Friðgeirsdóttir. (1996). Geðtengsl í frumbersku. *Uppeldi*, 9, (1) bls. 17-20.

Hagstofa Íslands. (2007, apríl). *Fjöldi barna í leikskólum í desember 2006*. Sótt 19. mars 2008 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&newsid=2459>.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Tafla 2.11 *Ættleiðingar eftir tegund ættleiðingar og fæðingarlandi 1996-2006*. Tekið af *Landshagir 2007 – mannfjöldi*. Sótt 19. mars 2008 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=1889&highlight=ættleiðingar>.

Höjer, D. og Höjer, L. (2005). *Adopterade barn*. Kristianstad: Sveriges Utbildningsradio AB.

Íslensk ættleiðing. (e.d.a). *Ferlið*. Sótt 24. mars 2008 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=ferlid>.

Íslensk ættleiðing. (e.d.b). *Ættleiðingar*. Sótt 24. mars 2008 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=aettleid>.

Kail, R. V. (2006). *Children and their development*. New Jersey: Person prentice hall.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með áorðnum breytingum 31/1994, 130/1995, 34/1997 og 65/2006.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 með áorðnum breytingum 72/2003, 90/2004, 129/2004, 22/2006, 65/2006, 155/2006 og 167/2006.

Lög um leikskóla nr. 78/1994 með áorðnum breytingum 47/2001.

Lög um ættleiðingar nr. 130/1999 með áorðnum breytingum 65/2006, 69/2006 og 143/2006.

Mehta, N. (1992). *Ours by choice*. Bombay: Rite-Print-Pak.

Melina, L. R. (1998). *Raising adopted children*. New York: HarperCollins publishers inc.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Peluso, P. R.; Peluso, J. P.; White, J. F.; Kern, R. M. (2004). A Comparison of Attachment Theory and Individual Psychology: A Review of the Literature. *Journal of Counseling and Development*, 82, 139-145.

Rannveig Traustadóttir. (1993). Nýjungar í atvinnumálum fatlaðra. Í Margrét Lilja Guðmundsdóttir (Ritstj.), *Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum*. (bls. 211-237). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 með áorðnum breytingum 470/2007 og 821/2007.

Valgerður Baldursdóttir (1999). Tilfinningatengsl skapa grunninn. *Ættleiðing Afmælisrit Íslenskrar ættleiðingar – 20 ár*. 22-23.

Welch, M. G. (1988). *Holding time*. New York: Fireside.

Ættleiðing.is. (e.d.a). *Að taka ákvörðun um að ættleiða barn*. Sótt 11. mars 2008 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=27&Itemid=57.

Ættleiðing.is. (e.d.b). *Er ættleiðing á erlendu barni fyrir þig*. Sótt 11. mars 2008 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=28&Itemid=58.

Ættleiðing.is. (e.d.c). *Heimkoman*. Sótt 15. mars 2008 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=44&Itemid=74.

Ættleiðing.is. (e.d.d). *Leikskólinn*. Sótt 2. apríl 2008 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=119&Itemid=139.

Ættleiðing.is. (e.d.e). *Tengslin styrkt*. Sótt 2. apríl 2008 af http://www.aettleiding.is/index.php?option=com_content&task=view&id=113&Itemid=133.